



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2021

Agnes Stefánsdóttir (ritstj.)

2023

Ritstjórn
Agnes Stefánsdóttir

Ljósmyndir
Sjá myndaskrá aftast

Ljósmynd á forsíðu
Seyðisfjörður. Kumlateigur. Ljósmynd: Ómar Valur Jónasson.

© 2023
Minjastofnun Íslands
Agnes Stefánsdóttir

Öll réttindi áskilin
ISBN 978-9935-9576-8-9

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Ísland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Reykjavík og nágrenni.....	5
2.1	Fornar rætur Árbæjar.....	5
2.2	Kirkjustræti - lagnir.....	7
2.3	Pósthússtræti 3 - 5 bakgarður.....	8
2.4	Hæðarendi - Leikskóli við Suðurströnd	9
2.5	Fornleifaeftirlit vegna framkvæmda á Vesturgötu, Nýlendugötu og Mýrargötu.....	10
2.6	Suðurgata 22.....	11
2.7	Framkvæmdaefirlit við borholu hjá Ráðagerði á Seltjarnarnesi.....	12
2.8	Framkvæmdaefirlit við Laugaveg 33B til 37B	14
2.9	Deiliskipulag í Gufunesi, 2. áfangi.....	15
2.10	Fornleifarannsókn á lóð við Skólalbrú 2	17
3.	Vesturland	19
3.1	Ólafsdalur	19
3.2	Staðarhóll í Dölum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun	21
3.3	Borkjarnarannsókn í landi Stóra Kambs á Snæfellsnesi	23
4.	Vestfirðir.....	25
4.1	Langeyri Súðavíkurhreppi, neðansjávarannsókn	25
4.2	Vestfjarðavegur 60 frá Bjarkalundi að Skálanesi	27
4.3	Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum	29
4.4	Landnámsminjar í Sandvík á Ströndum	30
4.5	Landnám og þróun byggðar á Selströnd, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu	31
4.6	Björgunarrannsókn á Grónesi	32
4.7	Fornleifarannsókn í Búðavík í Arnarfirði vegna framkvæmda.....	33
5.	Norðurland vestra.....	35
5.1	Þingeyrar í Húnaþingi.....	35
5.2	Neðri-Ás 2 í Hjaltadal	36
5.3	Fornleifarannsóknir í Hjaltadal/Hjaltadalur Archaeological Settlement Project	37
5.4	Neyðaruppgröftur á kumli á Bakka í Viðvíkursveit	39
5.5	Refasveit vegagerð.....	41
5.6	Tveir dalir.....	43
6.	Norðurland eystra.....	44
6.1	Arnstapi við Ljósavatn	44
6.2	Könnun vegna framkvæmda á Búðartanga.....	45
6.3	Glæsibær í Eyjafirði.....	47

7.	Austurland	49
7.1	Arnórsstaðir, Jökuldal.....	49
7.2	Galtastaðir fram, Hróarstungu	50
7.3	Könnunarskurður vegna framkvæmda hjá Garðarstjörn, Seyðisfirði, Múlaþingi.....	52
7.4	Seyðisfjörður, ofanflóðavarnir	53
7.5	Könnunarskurður vegna framkvæmda hjá Rangá, Hróarstungu, Múlaþingi	57
7.6	Framkvæmdaefirlit vegna lagningar ljósleiðara hjá Hjaltastaðakirkju, Hjaltastaðaþinghá, Múlaþingi	59
7.7	Fornleifarannsóknir vegna framkvæmda hjá Arnórsstöðum við Jökuldalsveg	61
7.8	Skoðun á sniði bæjarhóls að Brekkugerði í Fljótsdal, Fljótsdalshreppi	63
7.9	Stöð í Stöðvarfirði.....	65
8.	Suðurland	66
8.1	Arfabót	66
8.2	Oddi á Rangárvöllum, Oddarannsóknin	67
8.3	Skálholt	69
8.4	Vesturbúðarhóll	71
8.5	Björkurstykki í Árborg	73
8.6	Framkvæmdarannsóknir í Gröf, Hrunamannahreppi	75
8.7	Könnunarskurðir vegna framkvæmda í Jórvík.....	77
8.8	Könnunarskurðir í beitarhús í landi Dísarstaða í Árborg	78
8.9	Meint kuml í landi Snorrastaða	80
8.10	Borkjarnarannsókn á Galtafelli	81
8.11	Rústir við Úlfljótsvatn	83
8.12	Fornleifakönnun á Helgustöðum í Bláskógarbyggð	85
8.13	Keldur á Rangárvöllum, framkvæmdaefirlit	87
9.	Reykjanes	89
9.1	Kumlamýri í Garðabæ	89
9.2	Arnarnesvegur 3. áfangi.....	90
9.3	Pórukot á Álftanesi: Forkönnun á fornleifum	91
9.4	Péturskot við Straumsvík	93
10.	Rannsóknir Minjastofnunar Íslands	95
10.1	Mínjar í hættu vegna eldsumbrota: fiskibýrgi á Ísólfskálajörð.....	95
10.2	Mínjar í hættu vegna eldsumbrota: Ísólfskáli	97
10.3	Mínjar í hættu vegna eldsumbrota: meintar tóftir við Borgarfjallsrétt.....	99
11.	Myndaskrá	101


1. Inngangur

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 veitir Minjastofnun Íslands leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér, setur reglur um veitingu leyfa og hefur eftirlit með þeim. Í 11. lið 4. gr. reglna nr. 621/2019 um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér segir:

Að lokinni vettvangsrannsókn hvers árs skal skila inn til Minjastofnunar Íslands eyðublaði þar sem fram koma grunnupplýsingar um gang rannsóknarinnar það árið. Minjastofnun Íslands mun gefa út yfirlit yfir fornleifarannsóknir hvers árs sem byggir á þessum upplýsingum.

Árið 2021 voru veitt leyfi til 59 fornleifarannsókna. Vísindarannsóknir voru 16, rannsóknir vegna framkvæmda voru 28, björgunarrannsóknir voru 8 og 7 leyfi voru vegna eftirlits með framkvæmdum.

Rannsóknirnar eru settar upp í kafla eftir minjasvæðum þannig að byrjað er á höfuðborgarsvæðinu og farið réttisælis kringum landið og endað á Reykjanesi. Í kaflanum „Rannsóknir Minjastofnunar Íslands“ er gerð grein fyrir könnunarrannsóknum Minjastofnunar á árinu.



Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2021. Númerin vísa til kafla í skýrslunni.

2. Reykjavík og nágrenni



Mynd 2. Loftmynd af svæði C. Gulleitur torfveggur m K-1500 til vinstri á mynd, steinalögn (dren) og einföld röð af steinum fyrir miðri mynd. Stóra holan er eftir flaggstöng og lengst til hægri er könnunarskurður 7. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

2.1 Fornar rætur Árbæjar

Leyfishafi: Sólrún Inga Traustadóttir	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands/Borgarsögusafn Reykjavíkur
Rannsóknarnúmer: 201606-0078	Númer ÞJMS: 2021-20
Staðsetning: A 362653 N 404777	Póstnúmer: 110 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 4.5.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 4.6.2021
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Vettvangsrannsókn í Árbæ í Reykjavík fór fram 4. maí - 4. júní og tóku fjórir fornleifafræðingar þátt ásamt 12 nemendum en vettvangsnámskeið Háskóla Íslands hefur farið fram á Árbæjarsafni á hverju ári frá árinu 2018. Markmið ársins var að grafa á sömu svæðum og árin 2018-2019; svæði A (austan við uppistandandi bæjarhús), þar sem komið hafa í ljós leifar af mannvirkjum frá mismunandi tíð og svæði B (við smiðjuna) þar sem öskuhaugur bæjarins er og var í notkun frá því eftir árið 1500 þangað til bærinn fór í eyði um miðja 20. öld.

Svæði A var stækkað til vesturs en þangað stefna mannvistarlög og byggingar sem tilheyra eldri búsetustigum Árbæjar. Þar er að finna miklar grjóthleðslur og hrun eftir hlöðu sem stóð á bæjarhólnum fram undir miðja 20. öld. Hlaðan hefur verið niðurgráfin og raskar eldri mannvirkjum á bæjarhólnum en grunnurinn er skorinn í gegnum K-1500 gjóskuna *in situ*. Hluti af fyllingu og grjóti sem tilheyrði hlöðunni var fjarlægð í þessum áfanga ásamt röskuðum lögum, m.a. fyllingum í nútíma lagnaskurðum. Helstu gripir frá svæði A voru flöskugler, nokkur leirkersbrot, leikfangaperla úr plasti, skeifa og járnaglar.

Austast á svæði A var grafinn skurður með gröfu, í N-S átt, um 1,2 m breiður, til þess að ganga úr skugga um að engin mannvistarlög væru undir K-1500 gjóskunni. Þegar svo reyndist rétt var ákveðið að fylla upp í það svæði með mold á meðan á uppgræfti stóð. Því var svæði A stytt um 3,4 metra að austanverðu í

Þessum áfanga. Fyrirhugað var að stækka svæði A enn frekar vestur, upp að núverandi bæjarhúsum en gífurlega mikið og stórt grjót úr gömlu hlöðunni er þar að finna um 50-80 cm undir grasrót. Hlaðan hafði 3 m háa grjótveggi og var 8 x 6 m að stærð þegar hún var í notkun á fyrri hluta 20. aldar. Mjög tímafrekt reyndist að fjarlægja grjótaleifar úr hlöðunni og því var ákveðið að opna nýtt svæði, C, um 2 metra frá austurgafli Árbæjar, þar sem skurður 7 var gerður árinu áður. Þar var að finna veglegan torfvegg með gjósku úr Kötlu 1500, steinalögn sem túlkuð hefur verið sem dren og torfbyggingu sem er að koma í ljós undir þykku lagi af móösku og ösku. Helstu gripir sem fundust á svæði C eru steinsleggja, brýni, skeifa, naglar, leirker, kopargjörð, rúðu- og flöskugler. Öskuhaugurinn á svæði B er nánast fullgrafinn en áfram undir honum má þó finna mannvistarlög sem innihalda kol, dýrabein og gripi en einnig er óhreyfður jarðvegur, með K-1500 *in situ*, vestast á svæðinu. Gripir sem fundust í öskuhaugnum árið 2021 voru meðal annars tvær perlur úr svartarafi, skeifur, hnífar, naglar, brýni, rauðleirsbrot úr grýtum og öðrum ílátum. Einnig járnleggja eða möguleg exi, kljásteynar, hrafntinna, hespa, koparprjónn, smáir textíl- og leðurbútar.

English Summary

Open excavation was carried out at Árbær farm mound in Reykjavík May 4th - June 4th, 2021. The farm mound is located within the Árbær Open-Air Museum. Four archaeologists and 12 students took part in the fieldwork. The field course in archaeology (FOR406) of the University of Iceland has been an annual event at Árbær since 2018. The goal for the year 2021 was to excavate the same areas as the last two years; area A (east of the current farmhouse of Árbær), where remains of structures from different times have been located and area B (next to the smithy in the museum area) where the midden is situated. The midden was in use from after the year 1500 until the farm was abandoned in the middle of the 20th Century.

Building remains and cultural deposits belonging to the earlier phases of the farm are stretching towards west, so area A was extended 3 - 4 meters. Deposits that were recorded and removed in the extended area consisted mainly of disturbed topsoil layers, fills from modern trenches and a stone foundation & wall remains from a 20th Century barn that once stood at this location. The barn has been cut into the ground which has caused some disturbance to earlier deposits and structures on the farm mound. It cuts through the *in situ* K-1500 tephra. Artifacts retrieved from area A are fragments of glass bottles and pottery, iron nails, horseshoe, and a plastic toy bead. A test trench was made with a bulldozer at the east part of area A to make sure there wasn't any archaeology beneath the K-1500 tephra. When this was verified, the area was filled up during the excavation. Therefore area A was shortened approx. 3.4 meters. The plan was to extend area A even further west, all the way up to the farmhouse. However, it was very time consuming to remove the remains of the old barn which is located approx. 50 – 80 cm below the surface. When the barn was in use, in early 20th Century, it was 8 x 6 m in size with 3 m high walls. Therefore, a new area was opened, area C, located about 2 m east of the farmhouse, where test trench 7 was done the year before. Area C is 7 x 4 m in size. In area C was a stone drainage, a quite massive turf wall with K-1500 tephra and a turf building underneath a thick deposit of peatash and ash. Artifacts retrieved from area C: Sledgehammer, whetstones, iron nails, a horseshoe, pottery, copper rim, window glass & bottle fragments. The midden, area B, is almost fully excavated. However, there are deposits beneath that contain artifacts, animal bones and charcoal. Far west in the area there are natural soils containing K-1500 tephra *in situ*. Artifacts from the midden: Two beads of jet, horseshoe, knives, nails, whetstones, redware vessels, an iron sledgehammer (possibly an axe), loom weights, copper pin & a hasp, obsidian, leather & textile.



Mynd 3. Horft yfir svæðið til vesturs. Ljósmynd: Hermann Hjartarson.

2.2 Kirkjustræti - lagnir

Leyfishafi: Vala B. Garðarsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: VG fornleifarannsóknir
Rannsóknarnúmer: 202103-0037	Númer ÞJMS: 2021-11
Staðsetning: A357057 N408264	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 5.3.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 7.3.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Verið var að grafa fyrir lögnum í Kirkjustræti vegna framkvæmda við hótélbyggingu við Landssímareit. Í ljós komu mannvistarleifar í sniði skurðar sem verið var að vinna í og því gerð krafa um frekari skráningu og rannsókn ásamt eftirliti með framkvæmdum.

Farið var á vettvang og aðstæður skoðaðar með tilliti til fornminja. Ljóst að mannvistarlög voru í sniði skurðar sem verið var að vinna í. Gerðar voru greiningar á mannvistarlögum - ljóst að svæðið er mikið raskað vegna fyrri tíma framkvæmda. Engu að síður var sniðið teiknað upp.

English Summary

During construction work at the so called Landssímareitur in Reykjavík (Kirkjustræti) archaeological remains were seen in a trench profile.

Archaeologists researched the site. Because of previous and older constructions, the remains were very disturbed and therefore not *in situ*. The profile, however, was drawn and measured as well as photographed.



Mynd 4. Horft inn að SA-horni í porti við Pósthússtræti 3-5. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.

2.3 Pósthússtræti 3 - 5 bakgarður

Leyfishafi: Vala Garðarsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: VG fornleifarannsóknir
Rannsóknarnúmer: 202103-0037	Númer ÞJMS: 2021-82
Staðsetning: A357059 N408354	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 12.12.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 14.12.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdaefirlit	Aðferð: blönduð tækni



Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Pósthússtræti 3-5 og þar sem mögulegar minjar gætu verið þar í jörðu var verkið vaktað af fornleifafræðingi.

Mannvistarlag kom í ljós ásamt nokkrum flötum steinum, var þetta um 80 cm á breidd og um 1,5 metri á lengd. Mannvistarlag þetta hefur verið utandyra og steinarnir eflaust hluti af yfirborði þar sem ýmis verk hafa verið unnin. Mannvistarlagið var að mestu sandur en skeljabrot og fiskbein ásamt smáum móóskulinsum voru ágætlega sýnileg. Ekki var hægt að elta lagið þar sem fyrri framkvæmdir hafa eflaust fjarlægt það sem þarna mögulega var.

English Summary

As it was known before construction took place at Pósthússtræti 3-5, that there might be some cultural remains under the pavement, archaeologists watched the removal of the concrete. Cultural layer as well as few flat stones (150 x 80 cm) were still *in situ*. Most likely an outdoor working area, inclusion in the layer suggested so (peatash, shells and fishbones).



Mynd 5. Staðsetningarkort sem sýnir rannsóknarsvæðið og dreifingu könnunarskurða innan þess
Mynd: Loftmyndir ehf./Stefán Ólafsson.

2.4 Hæðarendi - Leikskóli við Suðurströnd	
Leyfishafi: Stefán Ólafsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202103-0155	Númer ÞJMS: 2021-12
Staðsetning: A 354669 N 408724	Póstnúmer: 170 Seltjarnarnes
Vettvangsrannsókn hófst: 13.4.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 13.4.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Í marslok 2021 óskaði Seltjarnarnesbær eftir því við Fornleifastofnun Íslands ses. að hún tæki að sér framkvæmdarannsókn á svæði sem afmarkast af Suðurströnd til norðurs, Nesvegi til austurs, Leikskólanum Sólbrekku til vesturs og leikskólunum Mánabrekku og Fögrubrekku til suðurs. Umrætt svæði hluti af stærra framkvæmdasvæði sem auðkennt er með stöfunum M-3 samkvæmt skiplagsupprætti í aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar sem staðfest var 21. febrúar 2017. Áætlað er að stór bygging rísi á svæðinu sem hýsa á leikskóla og á hún að taka við hlutverki þeirra sem fyrir eru. Á þessu svæði er talið að Hæðarendi hafi áður staðið en það var býli sem byggðist út úr Eiði 1899. Sex könnunarskurðir voru grafnir á framkvæmdasvæðinu til að athuga með fornminjar á því en hvorki fundust ummerki eftir forn mannvirki né gripir.

English Summary

At the end of March 2021, the municipality of Seltjarnarnesbær requested that the Institute of Archaeology, Iceland carry out a development led excavation in an area defined by Suðurströnd to the north, Nesvegur to the east and three kindergartens to the east and south. The area is a part of a larger construction area marked with the letters M-3 on a layout design from Seltjarnarnesbæjar from 2017, with the area designated for the construction of a large building which will house a kindergarten, replacing the smaller structures currently on the site. An old farm, Hæðarendi is believed to have stood in this area before, but it was a farm that was built out of the farm Eiði in 1899.

Six test trenches were excavated in the construction area to investigate for archaeology on the site, but no traces of archaeological remains were found.



Mynd 6. Rannsóknarsvæðið á Nýlenduveli opnað. Horft í SV. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir

2.5 Fornleifaefirlit vegna framkvæmda á Vesturgötu, Nýlendugötu og Mýrargötu

Leyfishafi: Hildur Gestsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202105-0029	Númer ÞJMS: 2021-27
Staðsetning: A 356514 N 408727	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 10.5.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 8.12.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdaefirlit	Aðferð: blönduð tækni

Markmið verkefnisins var að vakta lagnaframkvæmdir Veitna við Vesturgötu, Nýlendugöt og Mýrargötu og rannsaka þær fornminjar sem kynnu að finnast. Í ljós komu minjar á nokkrum stöðum, þá ber helst að nefna á svæðinu sem kallað hefur verið Nýlenduöllur (við norðurenda Bræðraborgarstígs), undir bílastæði framan við Vesturgötu 42, og undir Vesturgötu sjálfri á milli Vesturgötu 36B og 38. Í öllum tilvikum voru það minjar frá seinni hluta 19. aldar - fyrri hluta 20. aldar sem voru rannsakaðar, húsgrunnar, kjallarar og samgönguminjar.

English Summary

The main aim of the project was to monitor development work by Veitur in Vesturgata, Nýlendugata and Mýrargata, and investigate any archaeology that may be exposed. Archaeological features were investigated in a few areas, in particular in what is known as Nýlenduöllur (immediately north of Bræðraborgarstígur), under the parking lot in front of Vesturgata 42 and under Vesturgata itself between Vesturgata 36B and 38. In all instances there were the remains of house foundations/cellars and road constructions, dating to the late 19th - early 20th Century.





Mynd 7. Loftmyndin sýnir staðsetningu könnunarskurðar. Ljósmynd: Loftmyndir ehf / Stefán Ólafsson

2.6 Suðurgata 22

Leyfishafi: Stefán Ólafsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 202105-0059	Númer ÞJMS: 2021-29
Staðsetning: A 356667 N 408108	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 14.5.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 14.5.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Í maí 2021 leitaði eigandi Suðurgötu 22 í Reykjavík, til Fornleifastofnunar Íslands ses. og fór þess á leit að stofnunin hefði umsjón með gerð könnunarskurðar á baklóð Suðurgötu 22. Til stendur að reisa viðbyggingu við áður nefnt hús og samkvæmt umsögn Minjastofnunar skyldi grafa könnunarskurð innan framkvæmdarsvæðisins til að kanna hvort þar leyndust mannvistarleifar undir sverði áður en framkvæmdir hæfust. Könnunarskurðurinn var grafinn með vélgröfu undir eftirliti fornleifafræðings. Skurðurinn var grafinn sunnarlega við norðvesturhlíð íbúðarhússins og var staðsetning hans ákveðin af Minjastofnun. Skurðurinn var 5 x 2 m að stærð og sneri suðaustur-norðvestur (sjá staðsetningarkort). Grafið var niður á jökulruðning sem kom í ljós á um 160 cm dýpi. Neðarlega í skurðinum suðaustast kom í ljós frárennslisrör og umhverfis það var rauðamöl. Í skurðinum sáust engin mannvistarlög og engir gripir komu í ljós og svo virðist sem á svæðinu hafi jarðvegsskipti átt sér stað. Könnunarskurðurinn var hnitsettur og skráður með ljósmyndum. Verkkaupi sá um að fylla upp í könnunarskurðinn aftur við lok rannsóknar.

English Summary

The owner of Suðurgata 22, is planning to build an extension to the main house in the backyard. The Cultural Heritage Agency of Iceland requested that prior to the construction a trial trench had to be dug in the area under the supervision of an archaeologist. The aim was to determine if any archaeological remains were likely to be in the area. The work was done by the Institute of Archaeology, Iceland on behalf of the owner.



Mynd 8. Hleðsla og skeljalag í suðausturhluta framkvæmdasvæðis. Ljósmynd: Lilja Laufey Davíðsdóttir.

2.7 Framkvæmdaefirlit við borholu hjá Ráðagerði á Seltjarnarnesi

Leyfishafi: Adolf Friðriksson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 202108-0007	Númer ÞJMS: 2021-56
Staðsetning: A 353662 N 409902	Póstnúmer: 170 Seltjarnarnes
Vettvangsrannsókn hófst: 16.8.2020	Vettvangsrannsókn lauk: 21.8.2020
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsóknar í landi Ráðagerðis á Seltjarnarnesi var að kanna hvort fornleifar leyndust innan framkvæmdasvæðis austan við Ráðagerði þar sem áætlað var að bora eftir heitu vatni. Opnað var svæði sem var 80 x 60 m að stærð og grafið niður í óhreyfðan jökulruðning.

Á suðausturhluta svæðisins fannst einföld hleðsla og 10 -15 cm þykkt skeljalag við hlið þess. Í hleðslunni voru 8 steinar í röð en þrjár þeirra voru greinilega hreyfðir. Greinilegt var að skeljalagið hafði safnast upp að hleðslunni. Hvort sem hleðslan hefur verið skjólveggur eða partur af einhverskonar húsi, þá hefur mannvirkið líklega verið rífið niður á einhverjum tímamarki og aðeins hluti af neðstu röð þess orðið eftir ásamt skeljalaginu. Skeljalagið bendir til þess að þarna hafi menn verið að beita.

Engar minjar fundust annarsstaðar á reitnum en ofarlega í jarðvegi fundust víðsvegar ruslalög með móösku, kolum og brenndum beinum. Það bendir til þess að rusl og skarn hafi verið borið á túnið í kring.

English Summary

The goal of the excavation was to investigate if any archaeological remains remain in the area east of Ráðagerði in Seltjarnarnes, where Seltjarnarnesbær is planning to drill for hot water. The construction area is 80 x 60 m and was excavated down to undisturbed soil.

A simple stone structure along with a thick cultural layer consisting mostly of shells, was found in the southeast part of the construction area. The stone structure consists of eight stones, three of which are disturbed. If the stones were a part of a building or a wall, most

of it has been demolished. The archaeological remains points to the shells being used for fishing.

No other remains were found in the area except for small midden layers distributed over the field, with peat ash, burned bones and charcoal. This points to midden layers being scattered over the field as a fertilizer.



Mynd 9. Frakkastigsreitir, yfirlitsmynd. Ljósmynd: Sigrún Hannesdóttir.

2.8 Framkvæmdaefirlit við Laugaveg 33B til 37B

Leyfishafi: Sigrún Hannesdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Antikva ehf
Rannsóknarnúmer: 202109-0135	Númer ÞJMS: 2021-71
Staðsetning: A 357595 N 40801	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 1.10.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 1.10.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdaefirlit	Aðferð: blönduð tækni



Eftirlit stóð yfir í einn dag og engar umfangsmiklar minjar komu í ljós. Í austursniði skurðarins sást þó í þunnt, hreyft móöskulag og var það ljósmyndað og mælt með GPS. Í og við lagið fundust nokkrir gripir, þ.e. lyfjaglas, leirkersbrot og glerbrot. Þessir gripir voru hreinsaðir, ljósmyndaðir, skráðir í Sarp og skilað til Þjóðminjasafns Íslands.

English Summary

The monitoring of the site took place over the course of one day, 1st October 2021. The only detected remains was a thin, disturbed peat ash layer in the E-cut which was photographed and recorded with GPS. A few objects were found in and around the layer: a glass medicine bottle, ceramic shards, and glass shards. These objects were cleaned, photographed, recorded in Sarpur and handed to the National Museum. No other archaeological remains were detected.



Mynd 10. Rannsóknarsvæðið úr lofti. Ljósmynd: Lilja Laufey Davíðsdóttir.

2.9 Deiliskipulag í Gufunesi, 2. áfangi

Leyfishafi: Lilja Björk Pálsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 202110-0023	Númer ÞJMS: 2021-74
Staðsetning: A 362984 N 408661	Póstnúmer: 112 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 8.10.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 5.11.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið þessarar rannsóknar var að reyna að afla upplýsinga um hvert ástand og umfang skráðra minja var en ekki var vitað hversu mikið af þeim hefur varðveist vegna framkvæmda við Áburðarverksmiðjuna á miðri 20. öld. Auk þess var reynt að skoða umfang hugsanlegra óskráðra minja á svæðinu, þar sem áhersla var lögð á að kanna svæðið innan gamla heimatúnsins. Þetta var gert með því grafa könnunarskurði á svæðinu. Mikil landmótun hefur átt sér stað á svæðinu á 20. öld með þeim afleiðingum að allar þekktar minjar virðast horfnar. Hinsvegar kom í ljós áður óþekkt mannvirki í skurði 7. Alls voru gerðir 7 skurðir. sk1: Jarðvegi hafði verið rutt yfir svæðið (þegar móttökustöð Sorpu var byggð). Ekki sást nein merki um útihúsin sem merkt voru inn á túnakort frá 1916 en merki fundust um hleðslur á um 1,5 m dýpi í suðvesturenda skurðarins. Gjóskulagafraeðingur staðfesti að í torfinu væri landnámsgjóska sem bendir til að minjarnar séu talsvert fornar.

sk2: Töluvert af nútímarusli efst. Þar fyrir neðan kom í ljós þykkt móöskulag. Var grafið niður úr því að hluta til að kanna þykkt lagsins sem reyndist 0,1 - 0,4 m. Ekki komu í ljós aðrar mannvistarleifar í skurði. Við suðvesturenda skurðarins var komið niður á lagnaskurð (ljósastaurar).

sk3-4: Efst mikið raskað lag með nútímarusli, móösku-blandaðri grús og stórgrýti, víða um 1,5 m á dýpt og tengist byggingu móttökustöðvar Sorpu árið 1998. Á 1,8 m dýpi var komið niður á eldri lög og þar var að finna hreina móösku.

Samtals voru í sk3 grafnir fjórir 30 m langir skurðir með stefnu norður-suður á þessum slóðum í stað eins langs skurðar en sk4 skipt upp í þrjá, samtals 55 m.

sk5 og 6: Áður var hér bæjarhóll Gufunes, kirkjugarður, útihús, herminjar, vegir og ýmsar aðrar minjar. Í ljós kom að algjörlega var búið að jarðvegsskipta á svæðinu og því um 1 m af grús þar undir malbiki. Undir því var komið beint ofan á klöpp. Engin eldri mannvist fannst því í þessum skurðum.

sk7: Var skáhallt til suðvesturs út frá torfhleðslu sem sást í skurði 1. Framhald torfhleðslunnar var vel merkjanlegt í skurði 7. Svo virðist sem um einhverskonar mannvirki er að ræða og jafnvel að það sé horn eða endi þess sem er merkjanlegur í skurðum 1 og 7. Móaska virðist liggja að hleðslu „innan“ mannvirkis, en ekki var farið í gegnum hana að þessu sinni. Mannvist var að finna á 10 m kafla sem var næst skurði 1 (nyrsti hluti skurðar 7). Greinilegt er að mikið rask hefur átt sér stað á þessu svæði, þar sem líklega hefur verið ýtt ofan af svæðinu og það síðan jafnað. Þetta sást skýrt þar sem einungis um 20 cm voru frá yfirborði niður á jökulruðning í botni skurðarins þar sem enga mannvist var að finna.

English Summary

The aim of this study was to try to obtain information on the condition and extent of registered monuments, but it was not known how much of them have been preserved due to the construction of a Fertilizer Factory in the middle of the 20th Century. In addition, an attempt was made to examine the extent of possible unlisted monuments in the area, where the emphasis was set to explore the area within the old home field. This was done by trenches in the area. Extensive landscaping has taken place in the area in the 20th Century, with the result that all known monuments seem to have disappeared. However, a previously unknown structure was discovered in trench 7. A total of 7 trenches were made.

sk1: Soil had been cleared over the area (when Sorpa's reception centre was built). No signs were of the outbuildings marked on the field map from 1916, but turf construction was found at a depth of about 1.5 m at the southwest end of the trench. A tephra specialist confirmed that settlement tephra layers were in the turf, which indicates that the structure is old.

sk2: A lot of modern rubble at the top. Below, a thick layer of peat ash was revealed. It was partially excavated to check the thickness of the layer, which turned out to be 0.1 - 0.4 m. No archaeological deposits were found in the trench. At the southwest end of the trench, a pipe cut (light towers) was uncovered.

sk3-4: At the top a very disturbed layer with modern rubble, peat ash-mixed gravel and boulders, in many places about 1.5 m deep and connected to the construction of Sorpa's recycling centre in 1998. At a depth of 1.8 m a deposit of peat ash was discovered. A total of four 30 m long trenches were dug in sk3 with a north-south direction in these areas instead of one long trench, but sk4 was divided into three, a total of 55 m.

sk.5 and 6: Located where the Gufunes farm mound was expected along with cemetery, outbuildings, roads and various other monuments. It turned out that the area had been completely stripped down to bedrock. Now, beneath the asphalt is about 1 m of gravel on top of the bedrock. No older human habitation was found in these ditches.

sk7: Was dug to the southwest from the turf structure seen in trench 1. The continuation of the turf build was clearly noticeable in ditch 7. It seems that this is some kind of structure, possibly a corner or end. Peat ash was found "within" the structure. It is clear that a lot of disturbance has taken place in this area, as it has probably been pushed off the area and then levelled. This was clearly seen as there were only about 20 cm from the surface.



Mynd 11. Jarðvegur fjarlægður í Skólabrú 2/Lækjargötu 10. Ljósmynd: Lilja Laufey Davíðsdóttir.

2.10 Fornleifarannsókn á lóð við Skólabrú 2

Leyfishafi: Lilja Laufey Davíðsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 202111-0085	Númer ÞJMS: 2021-86
Staðsetning: A 362984 N 408661	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 30.11.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 1.12.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdaefirlit	Aðferð: uppgröftur



Í bakgarði Lækjargötu 10 og Skólabrú 2, þar sem nú rís Íslandshótel, átti eftir að klára að grafa fram jarðlög norðvestan við skálabygginguna í Lækjargötu sem grafin var upp árið 2015. Samkvæmt umsögn frá Minjastofnun Íslands (MÍ-202111-0041) þurfti fornleifafræðingur að hafa eftirlit með framkvæmdunum vegna möguleika á minjum á svæðinu.

Fornleifaefirlit fór fram í lok nóvember og í ljós komu aðallega nútíma ruslalög, með leirkerjum, þakplötum, glerbrotum, múrsteinum og álíka munum. Einnig voru plasthlutir í laginu, þar á meðal stór plasthjól, mögulega af dúkkukerru. Norðaustast á svæðinu sáust leifar af svörtu kolalagi sem var norðvestan við skálabygginguna en engir gripir voru í því lagi. Það var 1 - 2 cm á þykkt en þó mjög misþykkt og þykkast upp við stálþil sem sett hafði verið í tengslum við byggingu Íslandshótel. Slitrus af landnámslaginu *in situ* sáust undir kolalaginu.

Upp við suðurhlíð Skólabrúar 2 var lítill steypdur grunnur eða gryfja, um 2,5 x 1,5 m á stærð og um 1 m á dýpt. Hún var full af grjóti og mæld upp með gps tæki.

English Summary

In the courtyard of Lækjargata 10 and Skólabrú 2, where the hotel Íslandshótel is being constructed a few meters of soil had not yet been excavated in the area where a longhouse was excavated in 2015. According to a document MÍ-202111-0041 from Minjastofnun Íslands it was necessary to carry out a watching brief because of possible remains in the area.

The watching brief took place in late November 2021 and revealed mostly modern midden layers with pottery, glass, bricks and roof tiles. Plastic items were also found, including a plastic wheel from a doll carriage. Remains of a black charcoal layer connected to the longhouse was also found in the area. It was 1-2 cm thick and thickest to the south, next to Íslandshótel. Fragments of the settlement layer tephra from 871 +/-2 was found *in situ* beneath the charcoal layer.

Connected to the southern wall of Skólabrú 2 was a small concrete constructed foundation, about 2,5 x 1,5 m in size and 1 m deep. It was full of rock and was recorded with a gps device.

3. Vesturland



Mynd 12. Drónamynd af skálanum á meðan á uppgræftri stóð. Verið er að undirbúa sýnatöku úr elsta gólfi skálans. Horft í suðaustur. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.

3.1 Ólafsdalur

Leyfishafi: Hildur Gestsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2017090076	Númer ÞJMS: 2021-47
Staðsetning: A 372736 N 548580	Póstnúmer: 371 Búðardalur
Vettvangsrannsókn hófst: 3.8.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 22.8.2021
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Mennningarlandslag í Ólafsdal er einstakt á landsvísu. Þar var rekinn búnaðarskóli á árunum 1880-1907 og minjar frá tímum hans eru í öndvegi. Þar má t.d. nefna beðasléttur, náthaga og vatnsveituminjar – allt fyrirbæri sem síðar breiddust út um landið. Víkingaaldarrústir gefa dalnum tvímælalaust aukíð gildi. Rannsóknnum á staðnum er ætlað að varpa ljósi á upphaf byggðar í Ólafsdal, hvers eðlis hún var í upphafi og hvernig hún þróaðist og reyna að finna vísbendingar um hvers vegna skáli var reistur á þessum sérstaka stað innst í dalnum. Lagt verður mat á hvort búsetan var samfelld eða e.t.v. árstíðabundin.

Áherslan sumarið 2021 var að ljúka rannsókn á skálatóftinni. Það markmið náðist, og rannsóknnum á elstu byggingarstigum skálans því lokið. Helstu mannvirki voru stoðarholur sem tengdust burðarvirki hússins, langeldur, góflög og set. Allt bendir til þess að á þessu elsta nýtingarskeiði hafi skálinn verið hefðbundið íveruhús, ólíkt því sem seinna varð. Þó ber að nefna að öll jarðlög sem tengdust þessu stigi voru mikið sködduð af seinni tíma framkvæmdum á svæðinu. Einnig var lokið við að rannsaka öll svæði utan við skálann. Þar komu í ljós mikil kolalög við norðvestur horn skálans, sem óvíst er hvort tengist skálanum sjálfum eða öðrum mannvirkjum á svæðinu, auk mikilla torflaga austan við skálann, sem bendir til þess að þar séu fleiri mannvirki að finna.

English Summary

The cultural landscape of Ólafsdalur is unique in Iceland. Between 1880-1907 an agricultural college was operated at the farm, and features associated with this period are clearly visible in the vicinity of the farmsite. The discovery of the Viking age site in the valley certainly added depth to the area. The excavation there aims at highlighting the earliest settlement in the valley, its nature and how it evolved, and to try and answer why a hall was constructed in this unusual location at the head of the valley.

The main aim of the 2021 season was to complete the excavation of the hall. This was achieved, and the investigation of the earliest phases of the hall are now complete. The main features excavated were post-holes associated with the frame of the building, the central hearth, floor deposits and benches. All these indicate that during the earliest phases of occupation the hall functioned as a typical occupation building, unlike during the later phases. It must however be noted that this phase was heavily damaged by later features. The excavation of the outside of the structure was also completed. This revealed thick charcoal deposits outside the northwestern part of the hall. At this point it is uncertain whether these are associated with the hall or other as yet investigated auxiliary structures. In addition, thick turf deposits were discovered to the east of the hall, indicating the presences of further structures there.



Mynd 13. Staðarhóll, horft í vestur. Fremst er Gylfi Helgason að bora í tún austan hóls. Í baksýn má sjá Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og Birnu Lárusdóttir hreinsa rof í öskuhaug. Ljósmynd: Guðrún Alda Gísladóttir.

3.2 Staðarhóll í Dölum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun

Leyfishafi: Guðrún Alda Gísladóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202107-0109	Númer ÞJMS: 2021-52
Staðsetning: A 364093 N 543345	Póstnúmer: 371 Búðardalur
Vettvangsrannsókn hófst: 16.8.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 20.8.2021
Tegund rannsókna: Vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið var að kanna hvort fornleifar væri að finna undir sverði í túnunum í kringum bæjarhólinn á Staðarhóli. Staðsetning borkjarnanna byggir á grunni fornleifaskráningar frá 2017. Boraðir voru um 85 borkjarnar á 9 línunum og svæðum. Sjö línur mynduðu geisla í vestur, norður og austur út frá hólnum, ein lína var neðan hóls til að finna mörk hólsins og auk þess var kannað svæði til að finna mörk öskuhaugs sunnan til í bæjarhól. Koladreif minnkaði jafnt og þétt frá bæjarhól og engin áberandi eldsmerki fundust í túninu. Mýri var í kringum bæjarhólinn fyrrum og mó- og leirmyndun áberandi í jarðveginum. Umfangsmikill öskuhaugur, einkum móaska, er sunnan til á hólnum, að húsabaki gamla bæjarins. Þá fundust öskulög neðarlega í jarðlagaskipan SA og SV í hólnum, dýpst um rúmlega 1,5 m undir sverði. Tvö snið voru skráð þar sem myndast hafði rof í hólinn. Í rofi ofarlega í öskuhaug fundust perlur úr tálguколи, eru þær taldar frá síðari öldum. Í rofi við kirkjugarðsvegg, SV-horni garðsins, má sjá gjóskulag frá Heklu 1693 óslitið undir þeim vegg sem nú er sjáanlegur á yfirborði.

English Summary

The aim of the archaeological investigations in 2021 was to core the homefields of Staðarhóll to detect archaeological remains. The investigation is based on archaeological survey done in 2017. Total of 85 cores were recorded within 9 base lines. Seven form a ray around the farm mound, one is below the mound to define the mound and one is on the south part of the farm mound to define midden deposits. No substantial charcoal deposits were detected in the homefield but turf within structural remains. This area was boggy before and peat, and clay prominent in the cores. Two sections were cleaned where surface had eroded. One in the midden area in the south part of the homefield, where post-medieval beads were found. Another by the SV corner of the church yard where tephra from Hekla 1693 was complete below the wall now visible.



Mynd 14. Fornleifafræðingur að störfum með bor á Stóra Kambi. Ljósmynd: Kristin Ósk Guðmundsdóttir.

3.3 Borkjarnarannsókn í landi Stóra Kambs á Snæfellsnesi

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 202111-0052	Númer ÞJMS: 2021-81
Staðsetning: A 283814 N 48789	Póstnúmer: 365 Snæfellsbær
Vettvangsrannsókn hófst: 17.11.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 17.11.2021
Tegund rannsóknar: Vísindarannsókn	Aðferð: borun



Gerð var borkjarnarannsókn á litlu svæði ofan við þjóðveginn í Breiðuvík í landi Stóra Kambs á Snæfellsnesi. Ábúandi hefur séð móta fyrir byggingum á svæðinu í ákveðnu skyggni og skoðað örnefni og verið mjög áhugasamur um sögu og minjar á jörðinni.

Grunaði ábúanda að þarna gætu mögulega leynst mjög fornar minjar en á jörðinni Stóra Kambi er sagt að Björn Breiðvíkingakappi hafi búið. Saga hans er mikið notuð í ferðaþjónustu á bænum.

Teknir voru 10 borkjarnar á svæðinu þar sem ábúandi hafði séð móta fyrir stórrí byggingu. Í öllum kjörnum kom fram mannvist. Kom bæði fram torf og svört feit lög sem minna á gólfskán. Ljóst er að mannvistarleifar eru á svæðinu og að þar hafa líklega einhvern tímann verið bæjarrústir. Aldur er óviss og gera þarf könnunarskurði til að kanna eðli og umgang minja.

English Summary

A coring survey was carried out in a small area above the main road in Breiðuvík on the Stóra Kambs land in Snæfellsnes. The land occupant who is interested in history and archaeology informed the archaeologist about a building shaped mound in his field.

The occupant has suspected that very ancient buildings could be hidden under the surface. It is said that Björn Breiðvíkingakappi is said to have lived here at Stóri Kambur and his story is widely used in tourism in the area.

Ten cores were taken in the area where the land occupier had seen a building shaped mound. Occupation was detected in all ten cores where both turf and charcoal rich possible floor layers were recorded. No material for dating was recovered during the coring survey. Test pitting will be able to determine the age of the ruins as well as to determine the extent and nature of the building.

4. Vestfirðir



Mynd 15. Hvalbein í skurði 2. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.

4.1 Langeyri Súðavíkurbreppi, neðansjávarannsókn

Leyfishafi: Ragnar Edvardsson	Fyrirtæki/stofnun: Rannsóknarsetur HÍ á Vestfjörðum
Rannsóknarnúmer: 202104-0067	Númer ÞJMS: 2021-17
Staðsetning:	Póstnúmer: 420 Súðavík
Vettvangsrannsókn hófst:	Vettvangsrannsókn lauk:
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Áætlað er að byggja kalkþörungaverksmiðju á landfyllingu sunnan Langeyrar í Súðavík. Fyrirhuguð landfylling liggur meðfram strönd Álftafjarðar vestan megin, frá Langeyri og nær hún í u.þ.b. 100 metra frá strönd og 430 metra í suður. Markmið rannsóknarinnar var því fyrst og fremst að kanna hvort fleiri minjar leynist innan framkvæmdasvæðisins og hvers eðlis þær væru.

Fornleifarannsóknin við Langeyri í Álftafirði leiddi í ljós að talsverðar minjar eru á sjávarbotninum. Minjarnar sem hér um ræðir eru frá seinni hluta 19. aldar og fram eftir 20. öldinni. Minjarnar eru að mestu bundnar við norðaustur hluta framkvæmdasvæðisins og lítur út fyrir að fleiri minjar séu á sjávarbotninum austan við framkvæmdasvæðið, þ.e. meðfram Langeyrinni. Langflestar minjanna sem liggja á sjávarbotninum eru stórhvalabein úr hvölum sem veiddir voru af norskum hvalveiðimönnum á seinni hluta 19. aldar. Mannvistarleifar voru skráðar í öllum skurðum og í skurði 2 komu í ljós fjöldi hvalbeina og við nánari könnun á setlaginu á nokkrum stöðum á norðausturhluta framkvæmdasvæðisins komu í ljós fleiri hvalbein og allt bendir því til að talsverður fjöldi hvalbeina sé grafinn í þessu setlagi.

English Summary

Currently, the plan is to build a mearl factory on a landfill on the south side of Langeyri in Súðavík. The proposed landfill is to be situated along the coast on the west side of Álftafjörður. From the coast it extends about 100 meters and 430 meters along the coast to the south. The main aim of this research was first and foremost to test if cultural remains were located within the proposed landfill area.

The archaeological research at Langeyri in Álftafjörður located extensive cultural remains on the seabed. These remains are mostly from the late 19th and early 20th Centuries. The remains are primarily located on the northeastern part of the landfill area and the research suggests that more remains are on the seabed on the east side along the Langeyri peninsula, i.e., outside the landfill area. The majority of the remains are whalebones, which are associated with the Norwegian whaling factory from the late 19th Century. Cultural remains were recorded in all test trenches and in trench 2 several whalebones were recorded. Further testing of the surface silt layer on the northeast part of the landfill area revealed more whalebones, suggesting a large number of bones lying buried in this area.



Mynd 16. Naust við Naustahvamm á Grónesi. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

4.2 Vestfjarðavegur 60 frá Bjarkalundi að Skálanesi

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 202105-0011	Númer ÞJMS: 2021-23
Staðsetning: A 345952 N 563544	Póstnúmer: 381 Reykhólahreppur
Vettvangsrannsókn hófst: 17.5.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 30.10.2021
Tegund rannsóknar: björgunarrannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Fornleifarannsókn fór fram vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Vestfjarðarvegi 60 milli Bjarkalundar og Skálaness. Þar hafði áður farið fram fornleifaskráning árið 2015. Minjastofnun Íslands fór fram á mótvægisáðgerðir á þeim fornleifum sem væru í eða við fyrirhugað vegstæði. Verkefnið skiptist í þrjá þætti, þ.e. uppgröft, könnunarskurði og merkingu minja. Á meðan verkinu stóð bættist svo við fornleifaskráning.

Tvær minjar voru grafnar í heild sinni sem munu hverfa undir nýja veginn og voru það tvö naust staðsett á Naustahvamm á Grónesi. Stærra naustið er að öllum líkindum eldra en minna naustið sem er staðsett beint framan við op stærra naustsins. Ljóst er að stærra naustið hafði verið notað sem skýli til beitingar eftir að naustið var hrúnið.

Stór könnunarskurður (12 x 4 m) var grafinn í Eilífssel á jörðinni Hofstaðir í Gufufirði. Kom þar í ljós að önnur steinhlaðin bygging var byggð samhliða Eilífsseli. Líklegt er að húsið var í því sem var skráð sem Eilífssel og hafi hin nýlegri rústin verið notuð undir dýrahald. Við uppgröft var hægt að sjá að minnsta kosti þrjú notkunarskeið í selinu.

Níu smærri könnunarskurðir voru grafnir til að kanna eðli og umfang minja. Þar að auki var notast við borkjarnarannsóknir til að staðfesta fornleifar. Alls voru 8 borkjarnar teknir í mögulegar minjar. Þær minjar sem voru nálægt veglínu en verða ekki fyrir raski vegna veggvinnu voru merktar með girðingastaurum.

Fornleifaskráningin var gerð vegna viðbóta eða breytinga á vinnusvæði ÞH leiðar og voru alls 64 minjar skráðar. Fornleifaskráningunni var skipt í fjóra hluta og fór

skráning fram í Teigskógum þar sem skógur hafði verið ruddur, skráning meðfram veginum frá Brekku niður að Grónesi, veglínin inn í Djúpadal breyttist og voru minjar skráðar innan 100 m við hana, og að lokum voru viðbætur og breytingar gerðar á fyrri fornleifaskráningu.

English summary

Archaeological excavations were carried out due to planned road construction on Vestfjarðarvegur 60 between Bjarkalundur and Skálanes. Archaeological survey had previously taken place there in 2015. The Cultural Heritage Agency of Iceland requested mitigation measures for the archaeological remains that were in or near the proposed new road. The project was divided into three stages, i.e., excavation, test pits and marking of archaeology. During works archaeological survey was added.

Two archaeological structures were fully excavated as they will disappear under the new road construction. These ruins were boathouses located at Naustahvammur in Grónes. The larger boathouse is most likely older than the smaller boathouse which is located directly in front of the opening of the larger boathouse. The larger boathouse had been used as a shelter for baiting after the boathouse collapsed.

A large test trench (12 x 4 m) was excavated in the shieling Eilífssel on the Hofstaðir land in Gufufjörður. During excavation another stone lined building was discovered and was built alongside Eilífssel. It is possible that Eilífssel was inhabited and the stone lined building next to the shieling was used for animals. During the excavation, it was possible to see at least three occupation periods in the shieling.

A core survey was carried out to confirm archaeological features. A total of 8 core samples were taken in possible archaeological features. In addition to the core survey nine smaller test pits were excavated to examine the nature and extent of the archaeological features along the ÞH route. Archaeological features located close to the roadworks but will not be disturbed due to road work were marked with fence posts.

Fornleifarannsóknun í Firði átti að ljúka þegar bæjarstæði frá 18.-21. öld á svæði B sem er norðan við gamla bæjarhólinn í Firði væri fullgrafið. Við lok rannsóknar á bæjarstæðinu kom hins vegar í ljós skriða sem hefur fallið um 1100 og náði um allt uppgraftasvæði B. Hún lá beint undir elsta byggingarskeiði bæjarstæðisins, var allt að 1,5 m á þykkt og samanstóð aðallega af grjóti og mól. Undir þessari skriðu voru viðamikil mannvistarlög, aðallega móöskulög og nokkur lög sem innihéldu mikið magn af dýrabeinum. Undir þeim fannst síðan kumlateigur með fjórum kumlum.

Bátskuml [1] kom í ljós undir þykku móöskulagi og dýrabeinalögum sem innihéldu meðal annars bein úr búfenaði, hvalbein, selbein og fiskbein, enda hafði kumlinu verið raskað áður en skriðan féll árið 1100. Engu að síður fannst þar þó mikið haugfé á víð og dreif, meðal annars perlur, silfurnæla, silfurhringur, tungunæla úr kopar, öxi, tafla úr hnefatafli, klébergsbrot og beinprjónn. Auk þess sem sjá mátti móta fyrir lögun báts í kumlinu fannst þar mikið af bátasaum og viðarleifum sem gefa til kynna að um bátskuml sé að ræða. Öll bein sem tilheyrðu kumlinu voru illa varðveitt, aðeins örfáar mannstennur og leifar af hesti og hundi. Kuml [2] innihélt hluta af manni og hesti. Augljóst var að einnig þessu kumli hafði verið raskað því bein mannsins lágu á víð og dreif og nánast ekkert haugfé fannst. Auk hestsins sem grafinn hefur verið með manninum fundust sylgjur og smá járngrípír sem annað hvort hafa tilheyrt klæðnaði eða reiðtygjum.

Hestkuml [3] innihélt heilan hest og hund og hafði þeim hluta kumlsins þar sem þeir lágu ekki verið raskað. Í kumlinu fundust smá járngrípír sem gætu verið úr reiðtygjum.

Kuml [4] var óhreyft og hefur kona hvílt í því. Þar fundust heldur engin mannabein en með hliðsjón af skarti, klæðisleifum og öðrum gripum mátti greinilega sjá móta fyrir hvar konan hefur legið. Þar sem brjóst hennar var

fundust tvær kúptar bronsnælur með 12 stórum fallegum perlum á milli. Á nælunum höfðu varðveist leifar af klæðnaði konunnar og fyrir neðan þær kúptu fannst lítil hringlaga bronsnæla. Ofan á konunni lágu skæri eða klippur úr jární, við hægri hlið hennar lá skjóða með brýni og eldsláttusteinum og við vinstri hlið var hnífur og járngripur.

Lögin með móösku og dýrabeinum lágu á milli kumlanna og ofan á þeim og sýna mikla mannvist umhverfis kumlin stuttu eftir að einstaklingarnir voru grafnir.

English Summary

An excavation was conducted in three areas (B, C and D) in a farmland located in the land of Fjörður. Area B was the largest excavation area. The excavation revealed structures and cultural layers dating back from the 10th Century up to the 20th Century. Notable discoveries in Area B include garbage pits left by allied forces during World War II, as well as rubbish layers, animal graves, farmsteads dating from the 18th to 20th Century, medieval structures, and a pagan burial mound.

The farmstead in Area B has long been thought to be Gest Sigurðsson's house or Jaðar's farmstead, which was devastated by the deadliest avalanche in Iceland's history in 1885. The research conducted at the site revealed that the house was indeed impacted by the avalanche, but it was reconstructed and remained inhabited until the early 1900s. During the excavation, the house foundations for a wooden house, a cellar, sheds, and an outhouse were discovered. The oldest remains of these buildings date back to the 18th Century. Numerous artifacts associated with the residence were also unearthed. It appears that the area was used for various purposes in the 20th Century, including as a dumping ground for all kinds of rubbish. The ruins were used for burying livestock and domestic animals, and the army also used the area as a rubbish dump. The excavation yielded many artifacts such as: pottery, glass artifacts, iron artifacts, and tools.

In area D remains of a water-powered mill were found. It was built on a sloping hillside called Mylluholt, below a small stream. The mill hut's turfwalls and stone water channels were well-preserved. The mill wheel and its axle were also discovered inside the house. The mill in Fjörður operated from around 1800 to 1870. Volcanic ash from Askja, which fell in 1875, was found above the ruins during excavation.

In area C a sheep pen was excavated, it was built with turfwall and had a fodder channel in the middle. There were few artifacts in the sheep pen and very thin floor layers. The sheep pen went out of use before 1875.

A farmstead from 18th-21st Century was excavated in area B in Fjörður this summer north of the old farm mound in Fjörður. No further research was planned in that area. By the end of the excavation a landslide from 1100 AD was found. The same landslide could be seen in profiles in excavation area B and underneath the oldest building phase of the farmstead. The landslide was up to 1,5 m thick and contained mainly gravel and rocks. Underneath that landslide extensive cultural layers were found. It contained peat-ash trash layers and few other cultural layers, with a big amount of animal bones. Underneath that a pagan grave mound was found, with four graves.

Boat grave [1] was found underneath an extensive peat-ash trash and animal bone layer. It included bones from livestock, as well as whale-, seal-, and fishbones. The grave had been disturbed before the landslide fell around 1100 AD. Grave goods were found scattered in the area, such as beads, silver brooch, silver ring, a tongue-shaped brooch, an axe, a gaming piece, a fragment from a soapstone and a bone-pin. The shape of a boat was notable and rivets from a boat, some including wooden fragments; indicated that this was indeed a boat burial. All bones in the boat burial were poorly preserved, only few teeth of a human and bones of a horse and a dog remained.

Burial [2] included remains of a human and a horse. This burial was disturbed because the human bones were found scattered in the grave and no grave goods were found apart from few buckles and iron objects that were either a part of a clothing or a horse bridles. Burial [3] contained a whole horse and dog, and the part of the grave where they lay had not been disturbed. Small iron artefacts were found in the grave, which could have been from riding equipment such as saddle or bridles.

Burial [4] was an undisturbed woman's grave. No human bones were found, but with the view of where the jewellery and the remains of clothing were situated, the position of the body could be perceived. On her breast were two oval brooches with 12 big and beautiful beads in between, as well as a small, rounded brooch. Close to the oval brooches a part of the woman's clothing was preserved. Shears from iron were also found in the grave. On her right side was a small pouch with a whetstone and a flint. On her left side was a knife and an iron artefact.

The layers with peat-ash and animal bones were in between and on top of the pagan graves, they show an extensive human occupation shortly after the individuals were buried in the graves.



Mynd 36. Skóflan er staðsett þar sem grunnur skurður var tekinn austan við íbúðarhúsið að Rangá 1. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.

7.5 Könnunarskurður vegna framkvæmda hjá Rangá, Hróarstungu, Múlaþingi

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Sagnabrunnur ehf.
Rannsóknarnúmer: 202106-0126	Númer ÞJMS: 2021-44
Staðsetning: A 713037 N 547509	Póstnúmer: 701 Egilsstaðir
Vettvangsrannsókn hófst: 1.7.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 1.7.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Rannsóknarstaður er að Rangá 1 í Hróarstungu, Múlaþingi, þar sem 11 grafir fundust árið 2006 í kjallara íbúðarhúss þegar grafið var niður á kirkjugarð frá miðöldum. Tekinn var grunnur könnunarskurður austan við húsið þar sem lögn ljósleiðara var tengd inn í húsið, með það að markmiði að kanna hvort fornleifar leyndust undir sverði. Grafirnar 11 sem fundust árið 2006 í kjallara íbúðarhússins að Rangá 1 lágu a.m.k. 60 cm dýpra en yfirborðið að austan hjá húsinu utanverðu. Grafin var um 60 cm breið og um 50 cm djúp renna fyrir ljósleiðara. Í skurðinum reyndist vera að mestu leyti möl, en einnig hreyft ruslslag frá 20. öldinni (einstaka kinda- og stórgripabein).

Niðurstaða: Engar fornleifar reyndust á 50 cm dýpi í rennunni sem var grafin austanvert við íbúðarhúsið að Rangá 1 og því var óhætt að tengja ljósleiðara í rennunni að íbúðarhúsinu.

English Summary

The research place is at Rangá 1 in Hróarstunga, Múlaþing, where 11 graves from the Middle Ages were found 2006 in the basement of a farm. A shallow test-pit was taken east of the farm, where the route of optical fibre was planned, to check out if archaeological remains were on the route. The 11 graves that were found in 2006 in the basement of the farm at Rangá 1 were found at least 60 cm lower than the surface on the east of the house. A 60 cm wide and 50 cm deep test-pit was excavated. In the test-pit was mostly gravel, but also disturbed trash pit from the 20th Century (with some sheep and cow bones).

Conclusion: No archaeological remains were found at a 50 cm deep test-pit east of the farm at Rangá 1, therefore the optical fibre was connected by that route.



Mynd 37. Framkvæmdaefirlit að Hjaltastað, rás ljósleiðara handgrafin. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.

7.6 Framkvæmdaefirlit vegna lagningar ljósleiðara hjá Hjaltastaðakirkju, Hjaltastaðapínghá, Múlaþingi

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Sagnabrunnur ehf.
Rannsóknarnúmer: 202108-0002	Númer ÞJMS: 2021-55
Staðsetning: A 720432 N 564696	Póstnúmer: 701 Egilsstaðir
Vettvangsrannsókn hófst: 10.8.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 10.8.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdaefirlit	Aðferð: blönduð tækni



Framkvæmdaefirlit var haft með lagningu ljósleiðara að kirkjunni að Hjaltastað, Hjaltastaðapínghá. Tilgangur framkvæmdaefirlitsins að Hjaltastað var að handgrafa rás að kirkjunni til að gæta að því að raska ekki ró þeirra sem hvíla í garðinum. Talið er að það hafi verið kirkja á Hjaltastað allt frá kristnitöku og því líklegt að óþekktar grafir kynnu að leynast í garðinum.

Handgrafin var 15 cm djúp, 14 m löng og um 30 cm breið rás sunnan við kirkjuna að Hjaltastað fyrir ljósleiðara. Moldin í skurðinum var ljósleit og blönduð mól. Skoðað var snið í rásinni og athugað hvort vísbendingar um mannvist og gjóskulög til aldursgreiningar væru sjáanleg, en hvorugt var greinanlegt í sniði (handmökstur og múrskleið).

Niðurstaða fornleifarannsóknarinnar er óhætt var að leggja ljósleiðara á 15 cm dýpi sunnan við kirkjuna að Hjaltastað. Ljósleiðari var því lagður í rör í handgröfna rásina og að því loknu var handmokað yfir rörið og gengið frá torfi yfir.

English Summary

Watching brief was executed at the church site of Hjaltastadur, Múlaþing. The purpose was to excavate by hand a small trench for a net cable in the graveyard of Hjaltastadur and make sure that no human remains/archaeological remains were disturbed during the process. Historical data suggest that a church would have been in Hjaltastadur from around the year 1000.

A 15 cm deep, 14 m long and 30 cm wide trench was dug by hand and a spade on the south of the church at Hjaltastaður. The soil was light, blended with small pebbles. In the profile of the trench there was no evidence of human occupation nor tephra.

The conclusion of the research is that no archaeological remains were found at a 15 cm depth on the south of the church at Hjaltastaður. Therefore, the net cable was inserted into the trench, the soil hand dug back into the trench and turf put back on top.



Mynd 38. Nútíma ruslahaugur yfir 1477 og 1362 gjósku að Arnórsstöðum, Jökuldal. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.

7.7 Fornleifarannsóknir vegna framkvæmda hjá Arnórsstöðum við Jökuldalsveg

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Sagnabrunnur ehf.
Rannsóknarnúmer: 202109-0121	Númer ÞJMS: 2021-69
Staðsetning: A 677843 N 536442	Póstnúmer: 701 Egilsstaðir
Vettvangsrannsókn hófst: 6.10.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 6.10.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdaefirlit	Aðferð: blönduð tækni



Markmið vettvangsrannsókna var að hafa framkvæmdaefirlit að Arnórsstöðum í Jökuldal vegna vegaframkvæmda þar sem minjar höfðu verið skráðar á framkvæmdasvæðinu í fornleifaskráningu nr. 2165. Grafið var í gegnum tóft sem var mæld upp í eldri fornleifaskráningu sem nr. 119027 (NM-119:027), þúst, norðvestan við bæjarhól. Í þeirri skráningu segir að ekki sé víst að um fornminjar sé að ræða. Heimildamaður taldi að inni í þústinni gæti hafa verið tankur sem geymdi olíu til húshitunar.

Þegar grafið var í gegnum tóftina gaus upp reykjarlykt. Tóftin reyndist ekki vera fornminjar heldur ruslagryfja með nútímarusli, t.d. nýlegum við og steypubrotum. 1875 gjóska ekki sýnileg, en 1477 og 1362 *in situ*.

Ekki var raskað frekar bæjarhólnum 119001 (NM-119:001) enda hafði hann verið rannsakaður neð könnunarskurðum árið 2020. Minjum vestan við veg (NM-119:013, tóft, garðlagi og beitarhúsi) var ekki raskað.

English Summary

The goal of this watching brief was to estimate the date of archaeological remains that had previously been registered in the archaeological registration nr. 2165. A test trench was taken through archaeological remain previously registered as nr. 119027 (NM-119:027), on the northwest of farm mound. According to a local source that remain could also have be a place where a oiltank was dug down.

When the area was opened a strong smell of a smoke appeared and it became clear that the remains were not considered archaeological remains because of a modern garbage (such as wood and cement). The 1875 tephra was not visible, but 1477 and 1362 *in situ*.

The farm mound 119001 (NM-119:001) was undisturbed in this watching brief (previously researched with test trenches in 2020). Archaeological remains on the west of the road (NM-119:013) were undisturbed in this watching brief.



Mynd 39. NV prófill hjá bæjarhólum að Brekkugerði. Horft til SV. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.

7.8 Skoðun á sniði bæjarhóls að Brekkugerði í Fljótsdal, Fljótsdalshreppi

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Sagnabrunnur ehf.
Rannsóknarnúmer: 202111-0084	Númer ÞJMS: 2021-84
Staðsetning: A 696475 N 517622	Póstnúmer: 701 Egilsstaðir
Vettvangsrannsókn hófst: 21.11.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 21.11.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: hreinsun sniðs



Markmið rannsóknarinnar var að skoða snið í bæjarhóli að Brekkugerði í Fljótsdal þar sem byggingarframkvæmdir standa yfir og meta aldur minjanna sem þar sjást - jafnframt því að meta hvort grípa þurfi til frekari rannsókna á staðnum, s.s. borkjarnarannsókna og töku könnunarskurða.

Í NV- sniði má sjá það sem virðist steypt gólfplata, viðartunna með járngjörðum, rusl og postulín frá 20. öldinni, kolaaska og krítarbrot. Einnig sést torf og steinar í hleðslu. Í SV-sniði má enn fremur sjá gaddavír og bárujárn. Undir mannvistarlaginu má greina gjóskulögin 1477, 1362 og landnámssyrpuna *in situ*. Gjóska úr Öskju 1875 var ekki greinanleg í sniðinu, en ábúandi sagðist telja að þeirri gjósku hefði verið mokað í burtu úr túninu stuttu eftir gosið.

Heimildir benda til búsetu á staðnum frá 17. öld. Í húsaúttekt frá 1877 getur um stofuhús að Brekkugerði. Elsta húsið sem heimildir eru um stóð norðaustan við íbúðarhúsið sem var reist árið 1934. (Helgi Hallgrímsson, Fljótsdæla, bls. 184, 360). Búið er að rífa bæði húsin (skv. skilyrðum Ríkisins vegna landakaupa ábúenda). Hluti af grunni hússins frá 1934 er enn greinanlegur og var hann mældur upp. Líklegt má telja að elsta húsið, sem var fjarlæggt um aldamótin 2000, hafi staðið þar sem núverandi íbúðarhús stendur.

Á myndum sem eru í vörslu Héraðsskjalasafns Austfirðinga (teknað um 1970) má sjá uppistandandi hús þar sem sniðið var hreinsað. Af þeim að dæma er um útihús að ræða. Því má telja líklegt að minjarnar sem sjást í sniðinu tengist húsinu sem var reist árið 1934.

Niðurstaða skoðunar NV-sniðs í bæjarhóli að Brekkugerði er sú að líklegt megi telja að sniðið sýni mannvist úr útihúsi sem tengist búsetunni frá 1934. Þar sem mannvistarleifarnar í sniðinu virðast ekki vera eldri en 100 ára telst ekki ástæða til frekari rannsókna tengt byggingarframkvæmdum að Brekkugerði.

English Summary

The aim of the research was to examine a profile at a farm mound at Brekkugerði in Fljótsdalur, where a house is being built, with the aim of evaluating the age of the human occupation in the mound, as well as if further research will be needed, such as drilling or taking test pits.

Human occupation in the NV-profile seems to be from the 20th Century, that is: concrete (floor?), wooden and iron barrel, ash from coals, trash and pieces of ceramics and chalk, turf and dry-stone wall. In the SV-profile barbed wire and corrugated iron from the 20th Century are also visible. Under the human occupational layer, the tephra of 1477 and 1362, as well as the Settlement tephra, are *in situ*. The tephra of Askja 1875 was not visible in the profile. According to the landowner that tephra was cleared from the land shortly after the eruption.

Historical data suggest that people lived in Brekkugerði as early as the 17th Century. In house register from 1877 a "stofuhús" is registered at Brekkugerði. That house was on the northeast of the house built in 1934. (Helgi Hallgrímsson, Fljótsdæla, p. 184, 360). Both houses have been torn down (according to a condition from the State when the landowners bought the land). Part of the house foundation from 1934 is still visible and was measured. It is highly likely that the oldest house stood where the new house is now, but the oldest house was torn down around 2000.

Judging from photographs at Héraðsskjalasafn Austfirðinga (1970) remains of a building can be seen where the profile was examined. It is highly likely that the house standing there was an outhouse from the house built in 1934.

The conclusion from the examination of the NV-profile of the farm mound in Brekkugerði is that it is highly likely that the profile shows human occupation from an outhouse from 1934 and onwards. Since the human occupation in the profile does not seem to be older than 100 years old there is no reason to continue with further research related to the construction of a house at Brekkugerði.



Mynd 40. Yfirlit yfir yngri skálann. Sjá má eldri skála ganga út úr honum við báða gafla. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

7.9 Stöð í Stöðvarfirði

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2016070024	Númer ÞJMS: 2021-31
Staðsetning: A 738458 N 492135	Póstnúmer: 755 Stöðvarfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 1.6.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 30.6.2021
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsókna var að klára yngri skálann (Hús 2) og leita að og finna fleiri mannvirki austan við hann.

Mannvistarlög (gólf) voru kláruð í skálanum og megnið af veggjunum einnig, en þeir eru grafnir eins og um mannvistarlög væri að ræða. Austan við hann fundust mannvirki, sem enn er ekkert hægt að segja um þau annað en að þau eru frá sama tíma og Hús 2 eða 3, þ.e.a.s. frá 9.-10. öld.

English Summary

The aim of the excavation was to finish the younger hall (House 2) and find more structures E of the hall.

All cultural layers in House 2 were fully excavated and most of the walls which are excavated as cultural layers.

More structures were found E of the halls, but their function is still not known. They are from the 9.-10. Century and is not known yet which one of the halls they belong to.

8. Suðurland



Mynd 41. Drónamynd af göngunum, skálanum og búrinu með útidyrum og dyrum inn í klefann t.v. og eldhúsið upp. Sjá má skilrúm eða vegg á milli skála og búrs. Hægra megin við dyrnar inn í eldhúsið má sjá lapstein. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

8.1 Arfabót

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 201705-0063	Númer ÞJMS: 2021-33
Staðsetning: A 527383 N 330467	Póstnúmer: 881 Kirkjubæjarklaustur
Vettvangsrannsókn hófst: 1.7.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 15.7.2021
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsókna sumarið 2021 var að grafa áfram í skálanum og moka ofan af svæði austan við hann og tengja saman hina meintu kirkju og bæjarhúsin til að freista þess að fá nánari upplýsingar um hvort þar hafi verið kirkja eða ekki. Í ljós kom að enn eru rými austur af skálanum sem ekki tengjast honum með dyrum og norðan við hina meintu kirkju kom hringlaga garður í ljós með hliði. Í hliðinu lá stétt í átt að bæjarhúsunum. Bendir þetta til þess að hin meinta kirkja sé í raun kirkja.

English Summary

The aim of the excavation last summer was to continue the investigation of the living room (hall) and excavate further to the east to see whether more houses were to be found there and to excavate in the space between the farmhouse and the possible church ruin.

East of the hall was yet another house but not connected to the hall with a door. South of the possible church was a curved embankment with a gate and pathway through from the possible church towards the farmhouses. This indicates that the possible church was in fact a church.



Mynd 42. Horft yfir svæði 1 við lok uppgrafter 2021. Ljósmynd: Kristborg Þórsdóttir.

8.2 Oddi á Rangárvöllum, Oddarannsóknin

Leyfishafi: Kristborg Þórsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018050160	Númer ÞJMS: 2021-40
Staðsetning: A 431411 N 364109	Póstnúmer: 851 Hella
Vettvangsrannsókn hófst: 4.8.2020	Vettvangsrannsókn lauk: 14.8.2020
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Árið 2018 fór fram forrannsókn á manngerðum hellum í túninu í Odda á Rangárvöllum. Rannsóknin staðfesti að syðst í túninu eru gríðarstórir fallnir hellar og einnig fannst op inn í uppistandandi helli sem tengst hefur hrundu hellunum og leifar af torfhlaðinni byggingu framan við þann helli. Rannsóknin sem fram fór árið 2021 er hluti af Oddarannsókninni sem Oddafélagið stendur fyrir og er styrkt af sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM). Uppgröftur var gerður á tveimur svæðum í Odda, annars vegar framan við nýfundinn helli (svæði 1), hins vegar í meinta seltóft við Kamphól (svæði 4). Markmið fornleifarannsóknna í Odda 2021 var fullgrafa torfbyggingu framan við helli á svæði 1. Við lok uppgrafter 2020 var búið að afhjúpa ílangt hús á svæði 1 sem er 12,5 x 3,5-4 m á breidd. Þá var grafið niður á gólfög fremst í tóftinni en innst, næst hellismunna, voru þykkir hrun- og áfoksþunkar eftir ógrafnir. Við rannsóknina 2021 var notast við einingaaðferðina (e. Single context recording). Fengin var vélgrafa til þess að stækka uppgraftarsvæðið lítillega í norðvesturhorni þess að viðhöfðu samráði við minjavörð Suðurlands. Einnig var svæðið stækkað lítillega til austurs til þess að lækka skurðbakka og koma í veg fyrir hrun ofan á uppgraftarsvæðið. Ekki tókst að ljúka uppgreftinum á húsinu en rannsókn á því er langt komin. Ekkert var grafið inni í hellinum að þessu sinni. Efnagreining á gjósku sem áður hafði verið talin úr Heklugosi frá 1206 leiddi í ljós að líklega er

gjóska úr gosi í Heklu frá 1158. Þessi gjóska liggur yfir minjunum og er nú talið sennilegt að þær hafi verið komnar úr notkun um 1100 eða snemma á 12. öld.

Á svæði 4 var grafinn könnunarskurður í meinta seltóft við Kamphól sem er rúmum 3 km vestan við bæinn í Odda. Skurðurinn var 1 x 3 m stór og var handgrafinn. Áður en uppgröftur hófst var þykkt jarðlaga könnuð með kjarnabor. Komið var niður á forna tóft á rúmlega 1 m dýpi. Grafið var niður á vegg og gólf en ekki grafið í gegnum þau. Aðeins var grafin lítil könnunarhola til að kanna þykkt gólflaga/mannvistar. Gjóskulagarannsókn leiddi í ljós að minjarnar eru líklega frá tímabilinu 950 - 1050. Einnig var gerð tilraun til þess að aldursgreina forskála framan við lokaðan manngerðan helli skammt frá tóftinni með því að taka borkjarnasýni en of mikið áfok reyndist á svæðinu og komst borinn ekki niður á minjarnar sjálfar.

English Summary

In the summer of 2021, an archaeological excavation was continued in Oddi in Rangárvellir, South-Iceland. The project builds on earlier work done in 2018 when a man-made cave and a turf ruin were discovered at the site, dating back to the mid-10th Century AD. The cave was connected to a much larger cave, thought to have collapsed around 1200 AD. This research is part of a multi-disciplinary project called Oddarannsóknin.

Work was done in two separate areas in 2021. In area 1 the excavation of a turf ruin in front of a man-made cave was continued from 2020. The ruin measures 12,5 x 3,5-4 m and its walls are very well preserved. The excavation method is Single context recording. However, a machine was used to enlarge the excavation area in the North-West corner and to the East in order to prevent collapse into the trench. Earlier dating based on tephrochronology suggested that these structures were made in the mid-10th Century and were in use up until the latter half of the 12th Century. It now seems that these structures were already out of use around or shortly after 1100 AD.

In area 4 a test trench measuring 1 x 3 m was dug into a ruin of a possible shieling about 3 km west of the farm Oddi. The excavation revealed turf walls and floor layers of an ancient building. Based on tephrochronology it has been dated to 950-1050 AD. In addition, an attempt was made to date a building in front of a closed off man-made cave close to the ruin, by using a core. Unfortunately, there was too much loess in that area (more than 1,2 m) for the core to reach the archaeology.



Mynd 43. Verk í vinnslu. Ljósmynd: Angelos Parigoris.

8.3 Skálholt

Leyfishafi: Angelos Parigoris	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 201508-0040	Númer ÞJMS: 2021-61
Staðsetning: A425685 N403354	Póstnúmer: 806 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 30.8.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 3.9.2021
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Nemendauppgröftur í Skálholti á vegum Háskóla Íslands fór fram dagana 30. ágúst - 3. september 2021 og er þátttaka í uppgreftinum hluti af grunnnámskeiði í fornleifafræði fyrir fyrsta árs nema, Aðferðarfræði I. Alls tóku 19 nemendur þátt undir umsjón þriggja fornleifafræðinga. Haldið var áfram að grafa á svæði [5000] sem staðsett er SA af Skálholtskirkju (sjá nánar í Framvinduskýrslum fyrri ára). Leiðbeinendur telja að þeim hafi tekist að miðla flestum af grundvallarreglum fornleifauppgrafter með góðum árangri til nemenda, ásamt því að kynna fyrir þeim aðferðir við fornleifaskráningu. Nemendur tóku virkan þátt í uppgrefti með því að nota einingaaðferð og tóku þátt í að skapa gagnamengi rannsóknarinnar með því að skrá og teikna jarðlög, taka ljósmyndir af fornleifum og útbúa flæðirit. Í þeim kennslustundum sem fylgdu á eftir vettvangsvinnunni í Skálholti og í seinni tíma samtölum við nemendur er ljóst að virk þátttaka þeirra á vettvangsnámskeiðinu hafði aukið áhuga þeirra á fornleifafræði og hjálpaði þeim að öðlast betri skilning á kennsluefninu sem kennt er í Aðferðafræði I, sem fjallar um aðferðir og tækni við fornleifarannsóknir.

Hvað varðar fornleifarannsóknina sjálfa þá miðar henni hægt því það er takmarkaður tími á ári sem fer í vettvangsvinnu. Á þessu ári var lögð áhersla á svæði þar sem er að finna tvær mögulegar byggingar úr torfi. Þar voru nokkur jarðlögð skráð og fjarlægð sem samanstóðu að mestu af torfhruni og torfleifum. Þessar byggingar verða rannsakaðar frekar á næstu misserum.

Töluvert af gripum fundust og flestir komu úr nýjum yfirborðslögum á nýopnaða svæðinu en einnig í kringum og undir stéttinni sem var fjarlægð. Alls hafa verið

skráð 135 fundanúmer, þar af 14 fyrir dýrabeinasamsöfn. Gripir voru leirkersbrot, glerbrot (rúðu- og flöskugler), eldtinnur, ýmis járnbrot.

English Summary

Excavation took place from 30 August- 3 September 2021. A total of 19 students participated under the supervision of three archaeologists.

The main aim of the research is to present basic fieldwork methods of archaeology to first year students at the University of Iceland. The research areas are however chosen to add new knowledge to the archaeological research carried out in the years 2002-2007. Excavations were continued in the area [5000] which is currently located southeast of Skálholt Cathedral (see progress reports from previous years). The area was expanded at the southeast corner where a building made of turf and stones is located. A total of four strata were excavated, of which one was recorded in the original excavation area and three in the enlarged area in the southeast corner. The students were divided into groups and each group was assigned to draw, dig and interpret one deposit. Students were also introduced to field surveying, purpose, process and type. Each group was assigned to sketch up, by using measuring tapes, a vegetable garden, which is situated south of Skálholt farm mound, called Jólavallagarður.

A considerable number of artifacts were recovered. Most came from cleaning the site. A total of 135 find numbers have been recorded, of which 14 for animal bone assemblages. The assemblage consisted mainly of pottery sherds, glass fragments (window and bottle), flints, various iron fragments.



Mynd 44. Rannsóknarsvæðið við lok uppgrافتarins. Mynd tekin með dróna. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

8.4 Vesturbúðarhóll

Leyfishafi: Ragnheiður Gló Gylfadóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 201706-0054	Númer ÞJMS: 2021-58
Staðsetning: A 393867 N 375262	Póstnúmer: 820 Eyrarbakki
Vettvangsrannsókn hófst: 23.8.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 15.10.2021
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Jarðsjármælingar sem gerðar voru 2017 sýndu að grunnur Vesturbúðarinnar sem rifin var árið 1950 er nokkuð vel varðveittur undir sverði. Sérstaklega virðast leifarnar af syðsta verslunarhúsinu vera heillegar og þá af því vestasta en verst af því nyrsta og austasta. Af þeim sökum var ákveðið að opna vestasta húsið árið 2021, um 130 fm alls, þar var m.a. vörugeymsla og gekk húsið undir nafninu Fönix. Markmið rannsóknarinnar var að fullgrafa húsið og athuga hvort eldri minjar hafi verið á svæðinu áður en ritaðar heimildir geta húsa þar. Þessar áætlanir gengu eftir að mestu en ekki náðist að fullgrafa húsið.

Fyrstu niðurstöður uppgrافتarins benda til að húsið sé frá fyrri hluta 18. aldar líkt og ritheimildir geta til um. Flest mannvistarlögin tengjast annarsvegar byggingu hússins, þ.e. hlaðnir útveggir og niðurgröftur við gerð þeirra, grjótpúkk og ruslslag undir gólfi og hinsvegar niðurrifi þess, járnarusl, rúðugler og gripir frá miðri 20. öld eru þar á yfirborði.

Innan hússins, í norðausturhluta, var mikið grjótpúkk frá niðurrifi hússins. Undir því kom í ljós ruslslag, m.a. með móösku og viðarkolaleifum sem var notað til að slétta undirstöður gólfsins, ein gólfjöl var þar yfir og ein stoðarhola við útvegginn. Einnig voru vísbendingar um niðurgrafið geymsluherbergi þar. Þetta verður skoðað betur verði framhald á rannsókninni en ekki náðist að fullgrafa þennan hluta.

Allt minjasvæðið var mælt upp með alstöð og teknar af því drónamyndir og verður unnið úr þeim gögnum í vetur og nákvæm kort gerð af minjastaðnum.

English Summary

A geophysical survey and a test pit were done on the site in July 2017. Another small excavation in 2019. The survey and excavations revealed the remains of the buildings, which were torn down in 1950, remain fairly well preserved. In particular, the southern and western most buildings. Based on this the western building was excavated. The house was mainly used as storage. The aim was to fully excavate the house and see if older remains were to be found.

The research took place in August and September 2021. Preliminary results suggest that the building dates to the first half of the 17th Century, like written sources tell us. Most of the deposits are associated with the buildings' demolition on one hand and its construction on the other.

The entire site was measured with a total station, drone photographs were taken, and detailed maps will be produced during the winter.



Mynd 45. Skurður gegnum skjól fyrir fé. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

8.5 Björkurstykki í Árborg

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2020050083	Númer ÞJMS: 2021-19
Staðsetning: A 401033 N 381485	Póstnúmer: 800 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 23.4.2020	Vettvangsrannsókn lauk: 23.4.2020
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Grafnir voru skurðir í tvær þústir í landi Björkurstykkis:

Skurður í [1860-4]:

Ekki fundust nein mannvistalög við rannsóknina og ljóst að ekki er um mannvirki að ræða heldur hringlaga náttúrusmíð sem hefur myndast vegna vatns. Grafið var niður á forsögulegt Þjórsárhraun.

Skurður í [1860-5]:

Ekki fundust nein mannvistalög við rannsóknina og ljóst að ekki er um mannvirki að ræða heldur hringlaga náttúrusmíð sem hefur myndast vegna vatns. Grafið var niður á forsögulegt Þjórsárhraun.

Grafinn var skurður í grjóthlaðið skjól fyrir búfenað í landi Björkur

Skurður í [1860-8]:

Við austurenda engjanna í Björk um 20 m frá girðingu sem skilur að Geirakot og Björk til suðurs og um 50 m frá girðingu sem skilur að Björk og Selfoss er grjóthlaðið skjól fyrir búfenað. Skjólið er hlaðið og myndar L (utanmál þess er 6 x 9 m). Hleðslugrjótið er mosavaxið en stendur upp úr vallgrónum engjunum í kring. Hleðsla er um 1/2 m á hæð og breidd garðsins er um 1 m. Skjólið er líklega nokkuð gamalt og hefur verið óbreytt frá því að ábúandi man eftir sér.

Könnunarskurður var gerður þvert í gegn um SA hlið hleðslunnar sem jafnframt er lengri hlið hennar. Skurðurinn var um 60 cm á breidd og var grafinn niður á hið forsögulega Þjórsárhraun. Hleðslan var einföld hraunhleðsla sem náði um 50 cm undir grasyfirborð og hefur hún upphaflega líklega verið um 120 - 150 cm á hæð. Efsta lag hleðslunnar hefur hrunið aðeins til hliðar en hún er í dag um 1 m á hæð. Engin merki eru um neitt eldra undir og var skurðinn gerður út fyrir aðra skammhliðina.

English Summary

Three test pits were excavated in in two indistinct ruins and a stone lined animal shelter on the Björkur land.

The test pits in the two indistinct ruins showed no occupation layers and was concluded to be circular natural structure formed by water accumulation. The test pits were excavated down to Þjórsárhraun a prehistoric natural deposit.

Test pit excavated in stone lined animal shelter.

The stone lined animal shelter was located at the eastern end of the meadows in Björk's Land, about 20 m from a fence that separates Geirakot and Björk from the east and about 50 m from a fence that separates Björk and Selfoss.

On the surface the size of the animal shelter was 6 x 9 m and was L- shaped. The stone lined walls of the shelter were approximately 0.5 m high and about 1 m wide. The test pit was excavated through the southeast end, across the longer stone lined wall. The test pit was approximately 0.6 m wide and was excavated down to Þjórsárhraun a prehistoric natural deposit. The stone lined wall was coursed and reached about 0.5 cm below the grass surface. It is likely that the stonewall was originally about 1.2-1.5 m high. The top layer of the wall has slightly collapsed but the walls height was measured at approximately 1 m high. No signs of older features were discovered under the wall.



Mynd 46. Rannsóknarsvæðið í Gröf, Hrunamannahreppi. Horft til norðurs. Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir

8.6 Framkvæmdarannsóknir í Gröf, Hrunamannahreppi

Leyfishafi: Lilja Björk Pálsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 202102-0034	Númer ÞJMS: 2021-02
Staðsetning: A 435687 N 404080	Póstnúmer: 845 Flúðir
Vettvangsrannsókn hófst: 9.2.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 27.5.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsóknarinnar var í upphafi að vélgrafa 3 könnunarskurði sunnan við bæjarhól auk 5 könnunarahola norðan við hann í því skyni að kanna mörk bæjarhólsins vegna fyrirstandandi framkvæmda við nýja íbúðabyggð.

Nýir verkhlutar bættust við eftir því sem verkinu vatt fram og voru að endingu grafnir 10 könnunarskurðir og um 40 metrar af sniðum utan skurðanna teiknuð. Helstu niðurstöður eru þær að á fyrirhuguðum byggingareitum sunnan við bæjarhól var greinilega komið út fyrir bæjarhólinn. Í sniðum þeirra sáust lög með móösku, viðarkolum og torfsneplum sem voru þunn og sýna fram á frekari mannvist í nánd sem þessi lög hafa borist frá, hugsanlega með áfoki eða öðrum náttúrulegum ferlum. Sunnan við þessa skurði kom í ljós grjóthlaðið framræsluræsi.

Norðan við bæjarhólinn kom í ljós að hann nær út fyrir upphaflega fyrirhugað lagna-/og vegstæði og var það fært utar sem nam breidd vegstæðisins. Í sniðum sáust miklar torfveggjahleðslur, ruslalög með móösku og viðarkolum og -ösku. Einnig kom í ljós gryfja sem grafin hafði verið á síðari hluta 20. aldar fyrir leifar gamla burstabæjarins sem hafði staðið á bæjarhólnum fram að því.

Snið í bæjarhólinn sem urðu til við vélgröft í bæjarhólinn norðanverðan, á svæði þar sem vitað var að bæjarhóll og Þinghóll/kirkjugarður mættust, sýndu mikla mannvist, allt frá skála frá 10.-11. öld ásamt annarri óþekktri byggingu frá sama tíma, til síðmiðalda bygginga frá 17.-18. öld úr torfi og grjóti. Á milli þeirra voru mikil rusla- og áfokslög. Þessar byggingar var hægt að rekja vestur eftir sniðunum og að norðanverðum bæjarhólnum.

English Summary


The aim of the project was initially to excavate with a machine 3 test trenches south of the farm mound as well as 5 test holes north of it in order to define the boundaries of the farm mound due to the construction of a new residential area.

Changes were made as the work progressed and 10 test trenches were eventually dug and about 40 meters of profiles apart from the trenches were documented.

The main results are that the planned construction plots south of the farm mound are not within the farm mound area.

On the northern part of the farm mound, it became clear that the proposed new road and new pipes were within the farm mound. In sections, thick turf walls, midden deposits layers with peat and charcoal, wood ash were seen. A pit that had been dug in the second half of the 20th Century for the remains of the old farm and this was uncovered during the research.

Sections made during machine work on the site, in an area where the farm mound and Þinghóll / cemetery met, revealed a longhouse from 10.-11. Century along with late medieval buildings from 17.-18. Century of turf and stones. These buildings could be traced west along the profiles and to the northern part of the farm mound.



Mynd 47. Skurður a. Tekið í norður. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

8.7 Könnunarskurðir vegna framkvæmda í Jórvík

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 202103-0022	Númer ÞJMS: 2021-10
Staðsetning: A 401593 N 381229	Póstnúmer: 801 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 13.4.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 13.4.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið rannsóknarinnar var að kanna eðli og umfang tveggja rústa sem voru inni á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði að kröfu Minjastofnunar.

Rústirnar voru tvær og var grafinn skurður þvert yfir þær báðar. Niðurstaða þeirra rannsókna var að þessar rústir reyndust vera pallar gerðir úr hrauni sem notaðir hafa verið til móþurrkunar en mógrafir voru rétt við.

Athugað var með hvort inngangur væri í aðra rústina en svo reyndist ekki vera. Hleðslurnar voru einfaldar úr hrauni. Ekkert torf fannst í hleðslum.

English Summary

The main aim of the archaeological excavation was to investigate the nature and extent of two ruins within the proposed construction area. This was done in line with aims set out by Minjastofnun Íslands.

Two test pits were excavated, one across each ruin. The results showed that both ruins were peat drying platforms made of lava stones. These platforms would have been used for drying peat, as next to the ruins was a peat mine.

It was investigated whether one of the ruins had an entrance, however this did not turn out to be an entrance. The stack of lava stones had one coursing and no turf was found within the in the stack. No archaeological material was encountered within the test pits.



Mynd 48. Beitarhúsið sem könnunarskurðir voru gerðir í. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

8.8 Könnunarskurðir í beitarhús í landi Dísarstaða í Árborg

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 202103-0148	Númer ÞJMS: 2021-21
Staðsetning: A 403408 N 382369	Póstnúmer: 801 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 4.5.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 6.5.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Í framhaldi af fornleifaskráningu á Dísarstöðum 2021 var ráðist í fornleifarannsókn með könnunarskurðum á tveimur rústum sem lenda inni á framkvæmdarsvæði að kröfu minjavarðar Suðurlands. Fór hann fram á að gerð yrði rannsókn með könnunarskurði á rúst beitarhús sem stendur innan deiliskipulagsreits. Rannsóknin fór fram til að til að kanna eðli og umfang minjanna áður en framkvæmdir hefjast. Minjavörður lagði til að gerðir yrðu 3 skurðir í rústina, hún mæld nákvæmlega upp og myndir teknar með dróna.

Við skráninguna fundust svo heimildir um annað hús sem hafði verið sléttað á sjötta áratug síðustu aldar og var umsögn minjavarðar uppfærð og farið fram á að könnunarskurður yrði jafnframt gerður þar sem sú tóft á að hafa staðið.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að í túninu við Dísarstaði höfðu verið tvö beitarhús þar sem annað þeirra hafði verið flatt út vegna túnasléttunar eftir 1954. Hitt húsið er veglegt með heillegum veggjum. Gjóskulagafræðingur var fenginn til að aldursgreina húsin og að hans mati voru beitarhúsin byggð eftir 1500, en miðað við stærð og gerð húsanna er líklegt að þau hafi verið byggð eftir 1850.

English Summary

Following an archaeological survey done at Dísarstaðir farm in the beginning of 2021 an archaeological investigation was carried out within the construction area. This was done at the request of the Cultural Heritage Manager for South Iceland. The purpose of the excavation was to examine the extent of a sheep house with three test pits before the commencement of the construction.

Another sheep house was discovered during the site survey in 2021 that had been demolished and flattened. The Cultural Heritage Manager for South Iceland updated the requests and included a test pit to be done in this sheep house.

The results of the research revealed that within the Dísarstaðir field were two sheep houses, one which had been destroyed due to land levelling after 1954 and the other standing tall. A volcanologist analysed the tephra layers and concluded that the sheep houses were built after 1500. Based on the typology and size of the houses it is likely they were built after 1850.



Mynd 49. Hið meinta kuml og prufuskurður. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

8.9 Meint kuml í landi Snorrastaða

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 202107-0117	Númer ÞJMS: 2021-57
Staðsetning: A 416768 N 415842	Póstnúmer: 806 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 14.8.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 14.8.2021
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið rannsóknarinnar var að ganga úr skugga um hvort hóllinn kynni að vera kuml/haugur, en bæði líktist hann norrænum haugum og þrír aðrir eins hólar stóðu í röð á svæðinu. Rannsóknin leiddi í ljós að um náttúrumyndun var að ræða.

English Summary

The aim of the excavation was to confirm whether a mound was a Viking age grave or not since the mound looked much like a typical iron age mounds in Scandinavia and on the site three other mounds formed a line. The investigation showed that the mound was a natural formation.



Mynd 50. Tóftirnar á Galtafelli. Ljósmynd: Lilja Laufey Davíðsdóttir.

8.10 Borkjarnarannsókn á Galtafelli

Leyfishafi: Lilja Laufey Davíðsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 202108-0054	Númer ÞJMS: 2021-60
Staðsetning: A 436039 N 399462	Póstnúmer: 846 Flúðir
Vettvangsrannsókn hófst: 31.8.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 31.8.2021
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: borun



Teknir voru 17 borkjarnar í fornlegt tóftasvæði (skráningarnúmer ÁR-321:028) rúmum 100 m austan við núverandi íbúðarhús Galtafells með það að markmiði að komast að eðli og aldri tóftanna. Borkjarnarnir voru teknir þvert yfir stærsta hólf hennar og nokkrir í veggj en 2-3 kjarnar voru einnig teknir í hólf sitthvoru megin þess.

Í borkjörnunum komu í ljós nokkuð greinilegir torfveggir með rauðum og gráum flekkjum. Hinsvegar sáust engin augljós ummerki um gólf innan í byggingunni og alls engin ummerki um kol eða öskuleifar. Innan tóftarinnar sást 5 cm þykkt vikurlag og stærstu vikurmolarnir voru um 5 mm í þvermál. Beint undir því lagi er ljósara vikurlag með mun finni vikurmolum. Skoða þarf betur hvort þetta jarðlag sé gjóskulag og hvort það sé þá forsögulegt eða frá sögulegum tíma.

Áhugavert er að engin eldsummerki fundust í tóftinni en útilit hennar bendir eindregið til þess að um sé að ræða bústað, langhús með tveimur aukabyggingum á sitthvorri hlið. Miðað við niðurstöður borkjarnarannsóknarinnar er þó víst að ekki er um heilsársbústað að ræða, nema þá að þarna hafi verið búið í mjög stuttan tíma og eldhús hafi verið í sérstakri byggingu eða úti við. Möguleiki er á því að tóftirnar séu af selstöðu og að jörðin Galtafell hafi byggst upp á selstöðu frá öðrum bæ í nágrenninu.

English Summary

In August 2021 a small core research was performed in the farm Galtafell in Hrunamannahreppur. Seventeen cores were taken in what looks like a longhouse (survey number ÁR-321:028) just 100 m east of the current farm. The aim of the research was to try to find out its function and from what period. The cores were taken across the alleged longhouse and several others in the walls, but also in the two smaller buildings connected to it.

Red and greyish turf walls were found in the cores. However, no obvious traces of floors were found inside the buildings and no traces of charcoal or ash at all. Inside the alleged longhouse, a 5 cm thick pumice layer was found, 40-60 cm deep. The largest pumice pieces were about 5 mm in diameter. Directly below it was a lighter and finer pumice layer. Whether these layers are from prehistoric tephra layers or from historical times has not been concluded.

The results of the coring research are quite interesting, especially that no signs of fire making were found inside the alleged longhouse. The ruins are quite typical for a longhouse with two smaller houses on each side. However, the coring results suggests that the building was not a year-round dwelling. If it was, it was used for a very short time period and the cooking area has to have been in a different building or in a cooking pit outdoors. It is also possible that the building is a shieling from a farm in the vicinity and that the farm Galtafell was built in the site of that earlier shieling.



Mynd 51. Rústin nær fullrannsókuð. Úlfljótuvatn í baksýn (Horft mót SSA. 2021-68-53). Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

8.11 Rústir við Úlfljótuvatn

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafraeðistofan
Rannsóknarnúmer: 202109-0089	Númer ÞJMS: 2021-68
Staðsetning: A 401723 N 400928	Póstnúmer: 805 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 6.10.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 15.10.2021
Tegund rannsóknar: frankvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Tilgangur rannsóknanna var að bjarga því sem bjargað verður við óskráða rúst sem stendur á bökkum Úlfljótuvatns. Var það gert að kröfu minjavarðar Suðurlands. Rústin var talin röskuð af landbroti, en ekkert fannst sem studdi það. Til að ná fram markmiðum rannsóknanna var öll rústin rannsökuð og í ljós kom að hún var ívið minni en talið var, eða 2,71 x 3,12 m stór og sneri A–V. Ekkert gólf fannst og engar dyr eða op. Yfir rústinni var svart gjóskulag sem sent verður í greiningu.

Enga gripir var hægt að tengja tilvist rústarinnar svo að öruggt væri og allir gripir sem þó fundust hafa hafnað á henni eftir að hún var úr brúki. Á meðal gripa var krónupeningur frá 1928, plastgreiða, silfurhúðuð skeið, rúðu- og flöskugler, járn (naglar o.fl.) og leirtau og þar á meðal hugsanlega postulín.

English Summary

The aim of the investigation was to save the unregistered ruin on the banks of the lake Úlfljótuvatn due to claims of the antiquarian authorities. The ruin was supposed to be partly destroyed by erosion but that could not be confirmed. To gain the aim of the investigation the whole of the ruin was investigated, and it turned out to be slightly smaller than expected 2,71 x 3,12 m (E–W). No floor was found and neither a doorway nor opening. Over the ruin was a black tephra layer which will be analysed.

The finds were not possible to connect to the lifetime of the ruin with any certainty. They are all younger than the ruin. Among the artifacts were a coin (1 kr. from 1928), plastic comb, a silverplated spoon, glass (window, bottle), iron (nails and more) and earthenware (a possible porcelain among them).



Mynd 52. Könnunarskurður 1, norðursnið. Ljósmynd: Hermann Jakob Hjartarson

8.12 Fornleifakönnun á Helgustöðum í Bláskógarbyggð

Leyfishafi: Hermann Jakob Hjartarson	Fyrirtæki/stofnun: Antikva ehf
Rannsóknarnúmer: 202110-0061	Númer ÞJMS: 2021-75
Staðsetning: A 426375 N 399546	Póstnúmer: 801 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 14.10.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 15.10.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Tilgangur rannsóknarinnar var rannsaka þrjár tóftir og eitt gerði með því að grafa könnunarskurði í minjarnar. Þetta var gert til reyna að sjá hvert hlutverk og aldur þeirra væri. Einnig til að athuga hvort eldri minjar leyndust undir minjunum og hvort þörf yrði á umfangsmeiri fornleifarannsókn.

Tóft 1 er hlaðin úr grjóti, ekki var unnt að skera út um til hvers mannvirkið var notað, en þetta er þó eina mannvirkið sem var með kolum og móösku í. Engin gjóskulög eða annað fannst sem gæti hjálpað til við aldursgreiningu tóftarinnar. Tóft 2 var gerð úr torfi, hún er niðurgrafin, mögulega er þetta hlaða. Sauðgripabeinin sem fundust í henni voru þannig að greinilegt var að dýrin höfðu verið þarna í heilu lagi, sem bendir til þess að dýrin hafi dáið í mannvirkinu eða að þeim hafi verið komið fyrir þar.

Tóft 3 er hlaðin úr torfi og grjóti, bárujárn og rúðugler fannst við vegginn gefur til kynna að þetta sé ungt mannvirki. Líklega var bárujárnið á þaki mannvirkisins. Ekki var hægt að sjá hver notkun mannvirkisins hefur verið en líklega er um skepnuhús að ræða.

Gerðið er hlaðið úr torfi. Líklega er það samtíma tóft 3 sem er uppið gerðið.

Sennilega eru öll fjögur mannvirkin frá 19. eða 20. öld. Engin mannvist var undir mannvirkjunum.

English Summary

The aim of the excavation was to investigate three ruins and one enclosure. Four test trenches were dug, one in each structure. Ruin 1 is made of stones, ruin 2 was made of turf and ruin 3 was made of stones and turf. The enclosure was made of turf. All structures are probably from the 19th or 20th Century and were probably structures where animals were kept.



Mynd 53. Séð yfir hluta af rannsóknarsvæðinu. Ljósmynd: Guðmundur Lúter Hafsteinsson

8.13 Keldur á Rangárvöllum, framkvæmdaefirlit

Leyfishafi: Hrönn Konráðsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Þjóðminjasafn Íslands
Rannsóknarnúmer: 202112-0110	Númer ÞJMS: 2021-88
Staðsetning: A 447092 N 369092	Póstnúmer: 851 Hella
Vettvangsrannsókn hófst: 13.12.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 13.12.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdaefirlit	Aðferð: blönduð tækni



Keldur á Rangárvöllum hafa verið undir umsjón húsasafns Þjóðminjasafns Íslands síðan á miðri tuttugustu öld og hefur gamli bærinn verið opinn almenningi í þrjá mánuði á ári á sumrin. Þó hefur vantað uppá salernisaðstöðu og er ætlunin að bæta úr því fyrir næsta sumar (2022). Ákveðið var að breyta bílskúr sem hefur einnig verið notaður sem geymsla í salernisaðstöðu fyrir gesti. Markmið vettvangsrannsóknar var eftirlit með þeim framkvæmdum. Rannsóknarsvæðið var þar sem áður var bílskýli og síðar geymsla, áföst við Nýjahús á Keldum. Vegna framkvæmdanna þurfti að fjarlægja steypa gólfplötu og lækka undirlagið undir gólfinu til að koma fyrir pípulögnum og einangrun og síðan steypa ofaná það nýja gólfplötu.

Búið var að fjarlægja steypa gólfplötu þegar fornleifafræðingur kom á staðinn en ekkert annað hafði verið gert. Undir henni var um 10 cm djúpt vikurblandað undirlag sem í voru nýlegir gripir, meðal annars naglar og innkaupapoki úr plasti. Grafnir voru upp 20-30 cm af jarðvegi með lítilli gröfu og handgrafið að hluta en stoppað þegar komið var niður á mannvistarleifar. Þá voru grafnar holur með reglulegu millibili innan við vegg bílskýlisins fyrir stöðir til þess að styðja við útveggina.

Við rannsókn fannst ein steinaröð við vesturvegg bílskýlisins og sneri hún í norður-suður. Í henni voru steinkol, en engir aðrir gripir. Hringt var í minjavörð suðurlands (Ugga Ævarsson) og í samráði við hann var ákveðið að teikna þessa steinaröð upp og fjarlægja. Þá var búið að grafa nægjanlega djúpt til að steypa nýja gólfplötu, þannig að þá var látið þar við sitja. Þó var hægt að sjá móta fyrir annarri

steinaröð undir þessari, en hún var látin vera, jafnað sandlagi yfir, sett plasteinangrun og steipt ofaná hana.

Aðrar mannvistarleifar fundust ekki á staðnum en jarðlögin undir gólfinu voru mjög blönduð og fundust í þeim örsmá brot af brenndum beinum, kolaleifum og steinkolum.

Í framhaldi af þessum framkvæmdum verður farið í að grafa fyrir nýrri og stærri safnþró með vorinu, lengra frá bænum.

English Summary

Keldur in Rangárvallarsýsla has been a part of the historic building collection at the National Museum of Iceland since the middle of the 20th Century and has been open to the public during the summer. The bathroom facilities for guests have been lacking and there are plans to fix this for the following summer of 2022 during the winter 2021-2022. This included the remodelling of a storage room/ garage on site into toilet facilities.

The archaeologist arrived after a concrete floor had been removed by machines. The project then comprised of a watching brief while a top layer (ca. 10 cm) of gravel-mix was removed with a small bobcat and then excavation and assessment while the floor area was brought down by 20-30 cm to make room for piping and a new concrete floor. A row of holes was dug down next to the walls to put in some reinforcement for the walls. The rest of the excavation was performed with both machine and by hand excavation.

In the gravel-mix there were bits of plastic shopping bags and modern nails, both from the 20th Century. A row of stones was discovered next to the western wall of the garage under this gravel layer. With the advice of The Cultural Heritage Agency of Iceland the row of stones was excavated, drawn and then removed. The depth of the excavation was after that enough for the intended purpose. Another row of stones was underneath but was left under a sand layer, then a plastic insulation layer and on top of that a concrete floor plate.

No other archaeological remains were found at the site.

9. Reykjanes



Mynd 54. Yfirlit yfir Kumlamýri. Ljósmynd: Hermann Jakob Hjartarson/Antikva ehf

9.1 Kumlamýri í Garðabæ

Leyfishafi: Hermann Jakob Hjartarson	Fyrirtæki/stofnun: Antikva ehf
Rannsóknarnúmer: 2021-0159	Númer ÞJMS: 2021-13
Staðsetning: A 353221 N 403240	Póstnúmer: 225 Garðabæ
Vettvangsrannsókn hófst: 22.3.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 29.3.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Að beiðni Minjastofnunar var athugað hvort einhverjar fornleifar væru að finna í Kumlamýri á Álftanesi.

Teknir voru átta könnunarskurðir, 6-10 m langir, víða á svæðinu. Engar fornleifar fundust í skurðunum, svo virðist sem að um náttúrulega mýri sé um að ræða.

English Summary

The aim of the investigation was to find out if there was any archaeology in the area known as Kumlamýri in Álftanes. Eight test trenches were dug in the area. No archaeology was found in them. The area is a natural bog.



Mynd 55. Hér er búið að fjarlægja helminginn af grjóthrúgu [001] og hluta af mannvistarlagi [002] sem grjóthrúgan var ofaná. Í báðum mannvistarlögum voru gripir sem ætla má að séu frá seinni hluta 20. aldar og fyrri hluta 21. aldar. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.

9.2 Arnarnesvegur 3. áfangi

Leyfishafi: Stefán Ólafsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 202110-0112	Númer ÞJMS: 2021-77
Staðsetning: A362518 N402136	Póstnúmer: 225 Garðabær
Vettvangsrannsókn hófst: 2021	Vettvangsrannsókn lauk: 2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við 3. áfanga Arnarnesvegar fór Minjastofnun Íslands fór fram á að manngerð grjóthrúga GK-215:008 norðan Breiðholtsbrautar yrði rannsökuð. Tilgangur rannsóknarinnar var að komast að aldri grjóthrúgunnar og hlutverki. Byrjað var á að hreinsa gróður frá grjóthrúgunni og hún ljósmynduð. Þá var helmingur hennar fjarlægður og svo var einnig jarðlagið undir henni kannað. Út frá ummerkjum og gripasafni sem í ljós kom við rannsóknina var niðurstaðan sú að hrúgan sé að öllum líkindum frá seinni hluta 20. aldar. Þá þótti það líklegt að tilurð hennar sé tilkomin vegna hreinsunar sem átti sér stað þegar unnið var við gróðursetningu skjólbelta meðfram Breiðholtsbraut.

English Summary

The Cultural Heritage Agency of Iceland instructed that a man-made stone cairn, GK-215:008, should be investigated in association with phase 3 of the construction of Arnarnesvegur. The aim of the investigation was to find out the age and purpose of the cairn. To this end, the cairn and its surroundings were cleared of vegetation and photographed. It was then half-sectioned and the surface on which it rested partially excavated. The artefacts found and gathered from those two cultural deposits were most likely from the second half of the 20th Century. The excavation did not entirely reveal the purpose of the cairn but from old aerial photographs it is suspected it is the remains of field clearance associated with the planting of trees along Breiðholtsbraut in the mid 1990's.



Mynd 56. Yfirlit yfir hluta rannsóknarsvæðisins. Könnunarskurður 9 í forgrunni. Ljósmynd: Hermann Jakob Hjartarson/Antikva ehf.

9.3 Þórukot á Álftanesi: Forkönnun á fornleifum

Leyfishafi: Hermann Jakob Hjartarson	Fyrirtæki/stofnun: Antikva ehf
Rannsóknarnúmer: 202103-0190	Númer ÞJMS: 2021-16
Staðsetning: A 352379 N 403326	Póstnúmer: 225 Garðabær
Vettvangsrannsókn hófst: 29.3.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 31.3.2021
Tegund rannsóknar: frankvæmdarannsókn	Aðferð: hreinsun sniðs



Tilgangur rannsóknarinnar var að rannsaka túngarð og matjurtargarð auk þess að taka könnunarskurði í túninu til að meta hvort eldri minjar leyndust undir sverðinum, hvert hlutverk og aldur þeirra væri og hvort þörf yrði á umfangsmeiri fornleifarannsókn.

Minjastofnun Íslands gerði kröfu um að svæðið sem kallast Fjósafliót [361] yrði rannsakað. Svæðið gæti hafa verið um 30 m beint norður af íbúðarhúsi sem þarna stendur, þar er nú matjurtagarður umgirtur torfgarði sem núverandi ábúendur Þórukots höfðu gert. Minjastofnun fór fram á að grafa könnunarskurð þar sem matjurtagarðurinn er.

Minjastofnun Ísland fór einnig fram á að Þórukotstúngarður [543] yrði rannsakaður þar sem hluti túngarðsins er á byggingarreitnum. Einnig fór Minjastofnun fram á að grafa könnunarskurði innan túngarðsins.


Alls voru grafnir 10 könnunarskurðir. Helstu niðurstöður eru þær að í könnunarskurðunum fundust ekki miklar mannvistaleifar. Þórukotstúngarður virðist vera frekar ungur, hann er alveg við yfirborð og þeir steinar sem eru í honum eru upp á yfirborði. Á túnakortum frá 1917 sést að á þessum slóðum var girðing, Líklega eru þetta leifar að undirstöðum undir hana. Ekki fundust leifar af eldri garð þar undir.

Grunur lék á að minjar væri að finna undir matjurtagarðinum, svo reyndist ekki vera, þar var mjög stutt niður á jökulleir og klöpp. Í einum könnunarskurðinum [6] fannst niðurgröfur. Ekki er ljóst hvaða tilgangur hans var í upphafi. Hann hefur þó verið notaður sem ruslagryfja, líklega einhvern tímann á á fyrri hluta 20. aldar eða á seinni hluta 19. aldar.

Í hinum könnunarskurðunum fannst ekki mikil mannvist, aðeins kol og móaska í litlu mæli, sem er ekki óvenjulegt að finna í túnum. Kolin og askan hafa komið frá bænum, eða öðrum bæjum í kring, með vindi, skepnum, fólki eða sem áburður á túnið.

English Summary

The aim of this investigation was to find out if there was any archaeological remains in the field of Þórukot in Garðabær. Ten test trenches were dug in the area. One in a vegetable garden, one through a field enclosure and eight in the homefield. The enclosure is most likely from the 20th Century. The vegetable garden is also young and there were no archaeological remains under it. Apart from small amount of charcoal and peat ash there were only archaeological remains in one trench in the field. In it was an unknown cut filled with waste, likely from the first decades of the 20th Century or the last decades of the 19th Century.



Mynd 57. Staðsetningarkort sem sýnir afstöðu fornleifa innan rannsóknarsvæðis. Breytt loftmynd: Loftmyndir ehf / Stefán Ólafsson

9.4 Péturskot við Straumsvík

Leyfishafi: Stefán Ólafsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 202105-0010	Númer ÞJMS: 2021-22
Staðsetning: A351442 N396563	Póstnúmer: 221 Hafnarfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 4.5.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 26.5.2021
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Fyrirhugað er að tvöfalda Reykjanesbrautina frá Krísuvíkurvegi að Hvassahrauni og munu þær framkvæmdir hafa mismikil áhrif á þær fornleifar sem eru í nágrenni núverandi vegar. Sem mótvægisáðgerðir við þessar framkvæmdir fór Minjastofnun Íslands fram á að gerðar yrðu rannsóknir á þeim minjum sem þyrftu að víkja vegna framkvæmdanna. Rannsóknirnar voru fjölbreyttar og voru rannsóknarsvæðin þrjú.


Minjarnar sem voru rannsakaðar, voru af margvíslegu tagi og má þar nefna grjóthlaðna brú, fjárhús með steiptan sökkul og kotbýlið Péturskot. Mun þetta hugsanlega vera í fyrsta skipti sem bæjarstæði, útihús ásamt heimatúni er rannsakað sem heild. Rannsóknin náði þannig til allra tófta býlisins, að undanskildum þeim sem þegar voru komnar undir Reykjanesbrautina og einnig var allt heimatúnið kannað með prufuskurðum. Minjastaðir voru skráðir með flygildismyndatöku fyrir og eftir vettvangsrannsókni og þá var yfirborðslíkan gert af heimatúni Péturskots áður en vettvangsrannsókn hófst.

Rannsóknaraðferðir fólust meðal annars í hreinsun á yfirborðsgróðri, könnunarskurðum og sýnatöku. Minjarnar reyndust vera frá seinni hluta 19. aldar og fram á miðja 20. öld.

English Summary

Several surveyed archaeological sites are likely to be disturbed due to the planned widening of the road Reykjanesbraut from Krísuvíkurvegur to Hvassahraun. The Cultural Heritage Agency of Iceland therefore ordered archaeological investigations, in three different locations, including the small farmstead of Péturskot, as well as other smaller sites in the area, including a small stone-built bridge and a sheep-shed with a concrete floor. This is possibly the only instance of an entire farmstead site such as this has been investigated in its entirety in Iceland using archaeological methods. The work included detailed drone photography and the creation of topographical maps, the clearing of vegetation to facilitate a more thorough recording of the archaeology, trial trenching accompanied by the excavation of larger areas of the structural remains, as well as sampling. All the archaeology investigated dates to the late 19th - early 20th Century.

10. Rannsóknir Minjastofnunar Íslands



Mynd 58. Loftmynd tekin með flygildi af fiskibyrkjunum tveimur sem grafin voru í ágúst / Aerial photo of the two fish shelters that were excavated in August. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir

10.1 Minjar í hættu vegna eldsumbrota: fiskibyrgi á Ísólfskálajörð

Leyfishafi: Sólrún Inga Traustadóttir	Fyrirtæki/stofnun: Minjastofnun Íslands
Rannsóknarnúmer: 202107-0107	Númer ÞJMS: 2021-51
Staðsetning: A 337522 N 375699	Póstnúmer: 241 Grindavík
Vettvangsrannsókn hófst: 11.8.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 12.8.2021
Tegund rannsókna: björgunarrannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Rannsóknin er liður í átaksverkefni Minjastofnunar Íslands (verkefnanúmer 2626 í vefsjá) er varðar minjar í hættu á Reykjanesskaga vegna eldsumbrota á svæðinu. Lítið er vitað um aldur á verminjunum í landi Ísólfskála og því var markmið rannsóknarinnar að aldursgreina minjarnar og athuga hvort hægt væri að skilgreina hlutverk þeirra betur.

Grafið var innan úr tveimur fiskibyrkjum í landi Ísólfskála sem eru staðsett suðaustur af bæjarstæði Ísólfskála, niðri við sjó. Vonast var eftir að finna einhverja gripi sem gætu gefið hugmyndir um aldur byrgjanna og herslugarðana sem tengjast þeim. Byrgin sem voru grafin eru nr. 2626-62 og 2626-147 skv. fornleifaskráningu Minjastofnunar á svæðinu. Um 23 metrar eru á milli þeirra. Landslagið í kring er mosi og hraun. Byrgin eru bæði grjóthlaðin með hraungrýti. Byrgi nr. 62 er 2,5 x 2,3 m að innra máli með bogadregna vegg en vesturveggurinn er beinn og inngangur er á norðurhlið en mögulega hefur einnig verið inngangur í suðvesturhorni en mikið hrun er þar og erfitt að greina á milli hruns og veggja þar. Grjóthlaðinn garður er hlaðinn bæði út frá austur og vesturvegg byrgisins. Töluvert grjóthrun var inni í byrginu og var það fjarlæggt. Undir hruninu voru flatar stórar steinhellur, sem má túlka sem einhverskonar

gólf, eða a.m.k. hluta af gólfi. Hellurnar lágu ofan á sendnu jarðlagi sem innihélt dökka og milligrófa gjósku. Aðeins fundust örfá fiski- og fuglabein, ásamt skeljum sem voru undir grjóthruni í norðvestur horni byrgisins. Engir aðrir gripir fundust og eina jarðlagið sem fannst var afar snautt af mannvist fyrir utan fjögur dýrabein (eitt úr fiski, þrjú úr fugli).

Byrgi nr. 147 er ferningslaga með inngangi til suðurs, um 2 x 1,8 m að stærð. Við norðurvegginn er annað sambyggt byrgi með inngang til norðurs. Grjóthlaðinn garður liggur beint til suðurs út frá suðvesturhorninu. Austurhluti byrgisins var grafinn, svæði að stærð 2 x 1 m. Töluvert grjóthrun var inni í byrginu, líkt og hinu, og var það fjarlæggt. Samskonar sendið jarðlag með dökkri gjósku var einnig í byrginu. Í því fundust 2 fuglabein, annað í grjóthruni en hitt í sendna laginu. Gjóskusýni voru tekin úr báðum byrgjum.

Þar sem engir gripir fundust í byrgjunum er erfitt að ákvarða aldurinn á þeim nema senda dýrabeinin í C¹⁴ greiningu, en á þessu stigi málsins hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort svo verði.

English Summary

This research is part of an initiative due to volcanic activity in the Reykjanes Peninsula, conducted by The Cultural Heritage Agency of Iceland (project no. 2626 in the GeoPortal). Ísólfskáli farm is mentioned in written sources in 1703 with eight residents living there but the land was owned by the bishop at Skálholt. Little is known about the age of the structures related to fisheries at the site and therefore the aim of this research is to find that out as well as to determine their function in more detail. It is known that these types of structures, i.e., fishing sheds, were used to storage fish and the fence connected to them were used as surface to dry fish.

During the two days of excavation (11-12th of August) two fishing sheds were examined that are located by the sea, southeast of Ísólfskáli farm. These sheds are built on a 1900–2400-year-old lavafield. The hope was to find artifacts that could give a more accurate dating of the site that includes many sheds and fences in an area covering approx. 1.55 hectare. The sheds were given the numbers 62 and 147 according to the latest archaeological survey done in the area by Minjastofnun. The distance between the two is approx. 23 meters.

Shed no. 62: The shed's interior is 2.5 x 2.3 m in size and is an oval shaped building, except the west wall is straight. The entrance is on the northside with a possible back entrance in the southwest corner. A fence, built of lava stone, is attached to it on both east and west side of the shed. Stone collapse was removed from the inside of the fence and under it were a few big slabs that could have been part of a floor. The slabs lay on top of a silty sand layer with dark and semi-coarse tephra inclusions. No artifacts were found and only a few fish – and bird bones were discovered, and few shells. The only layer in the ruin looked to be a natural deposit, but had 4 animal bones: 3 bird, 1 fish.

Shed no. 147: The shed's interior is 2 x 1.8 m in size and is a rectangular building with an entrance facing south. Another room is attached to its north wall with an entrance facing north. A stone-built fence is attached to the shed in the southwest corner. Half of the structure was excavated on its east side, approx. 2 x 1 m area. Like the other shed it had some stone collapse that was removed and under it was a silty sand deposit with tephra inclusions, similar (if not the same) as in shed 62. Two bird bones were retrieved, one in between the stone collapse, the other in the sand layer. Tephra samples were taken from both sheds.

It is hard to determine the dating of these structures without any artifacts but there is a chance to do a C¹⁴ analysis even though it might not give great results. A decision regarding further analysis has not been made at this point.



Mynd 59. Yfirlitskort af staðsetningu borkjarna og könnunarskurðar í Skálarétt, í landi Ísólfskála, Grindavík / Map showing locations of cores and test trench within the homefield of Ísólfskáli, Grindavík. Kortagerð: Ómar Valur Jónasson og Sólrún Inga Traustadóttir

10.2 Minjar í hættu vegna eldsumbrota: Ísólfskáli

Leyfishafi: Oddgeir Isaksen	Fyrirtæki/stofnun: Minjastofnun Íslands
Rannsóknarnúmer: 202107-0107	Númer ÞJMS: 2021-51
Staðsetning: A 337472 N 376154	Póstnúmer: 241 Grindavík
Vettvangsrannsókn hófst: 27.5.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 30.6.2021
Tegund rannsóknar: björgunarrannsókn	Aðferð: blönduð tækni

Vettvangsrannsóknin stóð yfir dagana 27. maí og 30. júní árið 2021. Alls tóku 4 fornleifafræðingar þátt í rannsókninni ásamt 1 nema. Markmið rannsóknarinnar var að staðsetja og aldursgreina bæði þekktar og áður óþekktar minjar í landi Ísólfskála. Megin tilgangur rannsóknarinnar var að skrásetja minjar á jörðinni áður en of mikil hættu skapast á svæðinu vegna hraunflæðis úr Geldingadölum/Fagradalsfjalli. Rannsóknin er því hluti af stærra verkefni Minjastofnunar Íslands á Reykjanesinu sem tengist varðveislu og skráningu minja á svæðum hraunflæðis.

Farið var í tvær vettvangsferðir í heimatún Ísólfskála, annars vegar til að framkvæma borkjarnarannsókn á nokkrum stöðum í heimatúninu þar sem talið var líklegt að áður óþekktar og ósjáanlegar (á yfirborði) minjar gætu leynst. Markmið þess hluta rannsóknarinnar var að ganga úr skugga um að ekki leyndust í túninu minjar sem gætu horfið undir hraun á næstu mánuðum. Borað var á sjö stöðum í túninu og teknir borkjarnar með 2ja til 3 m millibili. Niðurstaðan úr borkjarnarannsókninni var sú að engin merki fundust um mannvist í túninu.

Hins vegar var grafinn könnunarskurður í svokallaða Skálarétt, sem áður hafði verið skráð (sjá Fornleifaskráning í Grindavík - 3. áfangi, 2004 - GK-009:020, bls. 60). Þessi rétt var skráð aftur og uppmæld af starfsmönnum Minjastofnunar Íslands fyrr á árinu 2021, eftir að tók að gjósa í Geldingadölum rétt norðan við



Ísólfskála. Samkvæmt rituðum heimildum var réttin tekin í notkun eftir árið 1916 og var markmið könnunarskurðarins að staðfesta eða afsanna þá heimild. Könnunarskurðurinn var grafinn A-V þvert í gegnum norðurvegg réttarinnar, sem er sagður hafa verið notaður sem kálgarður í seinni tíð. Skurðurinn var 3 x 1 m og náði hann um 1 m frá veggnum í báðar áttir. Þegar yfirborðslagið hafði verið fjarlægt sást móta fyrir hleðslum garðsins um 1 metra breiðum með jarðvegsfylli í miðju og stein hleðslu beggja vegna. Jarðvegurinn í kringum og innan garðsins samanstóð af mestu úr sand-kenndri mold sem ekki var að sjá vott af mannvist í. Í SV horni skurðsins var lítið ösku/bruna lag. Um 40 cm frá garðsveggnum vestan megin var lítil dæld sem er sennilega stoðarhola eftir girðingastaur. Ákveðið var að fjarlægja ekki vegg garðsins heldur aðeins teikna þá í fleti og mæla inn ytri mörk skurðarins. Í skurðinum fundust nokkur glerbrot, járn naglar, eitt keramik brot, einn hryggjaliður úr dýri og ein skeifa.

English Summary

This research is part of a campaign project due to volcanic activity in the Reykjanes Peninsula, conducted by The Cultural Heritage Agency of Iceland (project no. 2626 in the GeoPortal: Minjastofnun Íslands | Kortsjá | Loftmyndir af Íslandi | Íslandskort | Map of Iceland). Field research was conducted on 27th of May and 30th of June 2021 within the home boundary of Ísólfskáli, in the municipality of Grindavík. In total four archaeologist and one student conducted the research. Coring was done in seven areas with the aim of locating archaeology within the home field before the volcanic lava would reach the site. Cores were taken 2 - 3 meters apart, in each area (except on the old farm mound), total of 36 cores. The main results were that almost no traces of human habitation was discovered. In the homefield there was mostly natural soils with occasional turf debris and charcoal. Four cores were taken on the farm mound and surprisingly only two of them contained thin cultural deposits. Hence, there was no indication of earlier structures within the homefield.

One test trench was made in a fold, that was believed to have been in use shortly after 1916 and later used as a vegetable garden. The aim was to determine whether this was true. The trench was dug across the north wall of the ruin, 3 x 1 m in size. Straight under the topsoil the wall came to light, it was 1 m in width, built of two stone rows with a soil filling in between. Stone rows had been added to an earlier wall, so the structure has two phases. The layers around the wall were mainly sandy silt with no traces of occupation. In the SW corner of the trench there was a small ash deposit. Approx. 40 cm west of the wall a small depression was situated, possibly a posthole for a fence. The wall remains were not removed, but were hand drawn. A few finds were found in the trench, mainly 20th Century: glass, iron nails, one pottery fragment, one animal vertebrae and a horseshoe. The archaeological research conducted on the fold supports the dating from written records and it seems to be quite late, from the 20th Century. No further research actions were needed at this point.



Mynd 60. Skurður 1. Norðaustur prófill sem sýnir þykkt gjóskulag og náttúrulegur hraunhryggur við enda skurðarins. // Test trench 1, showing a thick layer of tephra in both south and west facing profiles. A natural lava ridge is located at the end of the trench. Ljósmynd: Ómar Valur Jónasson

10.3 Minjar í hættu vegna eldsumbrota: meintar tóftir við Borgarfjallsrétt

Leyfishafi: Sólrún Inga Traustadóttir	Fyrirtæki/stofnun: Minjastofnun Íslands
Rannsóknarnúmer: 202107-0118	Númer ÞJMS: 2021-92
Staðsetning: A 337424 N 377757	Póstnúmer: 241 Grindavík
Vettvangsrannsókn hófst: 28.7.2021	Vettvangsrannsókn lauk: 28.7.2021
Tegund rannsóknar: björgunarrannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Hraunflæði hefur nú náð alla leið til Nátthaga sem er austan við Borgarfjall og er því talið nauðsynlegt að sinna rannsóknum á minjum á þessu svæði með hraði og meta hvort frekari rannsókna er þörf áður en hraun flæðir yfir. Við rætur Borgarfjalls í landi Hrauns, rétt austan Suðurstrandarvegur voru grafnir tveir könnunarskurðir í meintar tóftir/dældir innan svokallaðar Borgarfjallsréttar. Skurðirnir voru 1 x 4 m og 1 x 5 m að stærð en dýpst var grafið um 90 cm í stærri skurðinum, en um 70 cm í þeim minni. Borgarfjallsrétt er uppistandandi grjóthlaðið mannvirki og var skráð og uppmæld af starfsmönnum Minjastofnunar Íslands árið 2021 eftir að tók að gjósa í Geldingadölum rétt norðan við Ísólfsskála. Punktahnit höfðu áður verið tekin á réttinni (sjá Fornleifaskráning í Grindavík - 3. áfangi, 2004 - GK-010:056, bls. 77). Réttin var tekin í notkun eftir að Skálarétt, í landi Ísólfsskála, var lögð af en hún var tekin í notkun árið 1916, samkvæmt heimildum. Hinar meintu tóftir eru innan garðlags sem er áfast Borgarfjallsréttinni og virðast ekki tilheyra því mannvirki né réttinni sjálfri. Markmið könnunarskurðanna var því að staðfesta eða afsanna þá kenningu að um mannvirki/mannvistarleifar sé að ræða sem mögulega eru eldri en Borgarfjallsréttin.

Engin mannvist reyndist í könnunarskurðunum tveimur og var því um náttúrulegar dældir að ræða. Eitt gjóskusýni var tekið úr nyrðri skurðinum en það

er frekar gróft og dökkgrátt að lit. Sömu gjósku var að finna í syðri skurðinum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort nauðsynlegt sé að láta aldursgreina gjóskuna sérstaklega en má ætla að hún sé úr Reykjaneseldum sem stóðu yfir á árunum 1210-1240.

Rannsóknin er liður í átaksverkefni Minjastofnunar Íslands er varðar minjar í hættu á Reykjaneskaga vegna eldsumbrota á svæðinu.

English Summary

Lava from the active volcano in Reykjanes Peninsula is currently flowing into the valley of Náttagi, located east of the mountain, Borgarfjall. Due to the eruption all archaeological sites close to this area are in imminent danger so research focus has been set to these sites in order to estimate whether further research is necessary before they will perish under the lava. Two test trenches were dug into a possible fold, east of Borgarfjall within the boundary of a stone-built fold called Borgarfjallsrétt. Trench 1 was 1 x 5 m and approx. 90 cm in depth. Trench 2 was 1 x 4 m and approx. 70 cm in depth. Borgarfjallsrétt is very visible on the surface, with stonewalls. It was surveyed by the Cultural Heritage Agency in 2021 after an eruption began in Geldingadalur just north of Ísólfskáli. Coordinates for Borgarfjallsrétt had been registered before in an earlier survey (see Fornleifaskráning í Grindavík - 3. áfangi, 2004 - GK-010:056, p. 77). Borgarfjallsrétt was in use during the 20th Century, somewhat after 1916. The possible fold, located within a boundary wall belonging to Borgarfjallsrétt, seems to be an earlier phase or at least not part of the still standing structure. The aim was to figure out whether it is another earlier structure or just a natural phenomenon. It turned out to be just naturally accumulated soils with thick layer of tephra in both trenches. A tephra sample was taken from the northern trench (no. 1). The tephra is dark grey in colour, rather rough in texture. Whether the sample will be sent to further analysis has not been determined at this stage. Without a doubt, the tephra comes from a series of eruptions during 1210-1240 in Reykjanes Peninsula. Also known as the Fires of Reykjanes. This research is part of an initiative at the Cultural Heritage Agency regarding archaeological sites in danger due to volcanic activity in Reykjanes Peninsula.

11. Myndaskrá

Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2021. Númerin vísa til kafla í skýrslunni.	4
Mynd 2. Loftmynd af svæði C. Gulleitur torfveggur m K-1500 til vinstri á mynd, steinalögn (dren) og einföld röð af steinum fyrir miðri mynd. Stóra holan er eftir flaggstöng og lengst til hægri er könnunarskurður 7. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.	5
Mynd 3. Horft yfir svæðið til vesturs. Ljósmynd: Hermann Hjartarson.	7
Mynd 4. Horft inn að SA-horni í porti við Pósthússtræti 3-5. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.	8
Mynd 5. Staðsetningarkort sem sýnir rannsóknarsvæðið og dreifingu könnunarskurða innan þess Mynd: Loftmyndir ehf./Stefán Ólafsson.	9
Mynd 6. Rannsóknarsvæðið á Nýlenduveli opnað. Horft í SV. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.	10
Mynd 7. Loftmyndin sýnir staðsetningu könnunarskurðar. Ljósmynd: Loftmyndir ehf / Stefán Ólafsson.	11
Mynd 8. Hleðsla og skeljalag í suðausturhluta framkvæmdasvæðis. Ljósmynd: Lilja Laufey Davíðsdóttir.	12
Mynd 9. Frakkastígsreitir, yfirlitsmynd. Ljósmynd: Sigrún Hannesdóttir.	14
Mynd 10. Rannsóknarsvæðið úr lofti. Ljósmynd: Lilja Laufey Davíðsdóttir.	15
Mynd 11. Jarðvegur fjarlægður í Skólalbrú 2/Lækjargötu 10. Ljósmynd: Lilja Laufey Davíðsdóttir.	17
Mynd 12. Drónamynd af skálanum á meðan á uppgreftri stóð. Verið er að undirbúa sýnatöku úr elsta gólfi skálans. Horft í suðaustur. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.	19
Mynd 13. Staðarhóll, horft í vestur. Fremst er Gylfi Helgason að bora í tún austan hól. Í baksýn má sjá Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og Birnu Lárusdóttir hreinsa rof í öskuhaug. Ljósmynd: Guðrún Alda Gísladóttir.	21
Mynd 14. Fornleifafræðingur að störfum með bor á Stóra Kambi. Ljósmynd: Kristin Ósk Guðmundsdóttir.	23
Mynd 15. Hvalbein í skurði 2. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.	25
Mynd 16. Naust við Naustahvamm á Grónesi. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.	27
Mynd 17. Líkleg kolageymsla framan við skálann á Auðkúlu. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.	29
Mynd 18. Loftmynd af uppgraftarsvæðinu í Sandvík. Ljósmynd: Morten Ramstad.	30
Mynd 19. Loftmynd af búðatóft á Hvítsöndum. Ljósmynd: Morten Ramstad.	31
Mynd 20. Yfirlitsmynd af skálanum á Grónesi. Ljósmynd: Gunnar Grímsson.	32
Mynd 21. Fjárhús í Búðavík. Ljósmynd:	33
Mynd 22. Yfirlitsmynd frá Þingeyrum. Svæði C og E. Ljósmynd: Ómar Valur Jónasson.	35
Mynd 23. Hleðsla, horft til SA, eftir hreinsun. Ljósmynd: Brenda Prehal.	36
Mynd 24. Unnið að gerð könnunarskurðar í túni á Hólum. Ljósmynd: Sigríður Rósa Bjarnadóttir.	37

Mynd 25. "kuml" horft til norðvesturs. Ljósmynd: Brenda Prehal.	39
Mynd 26. Gerði og uppgraftarsvæði meintrar myllutóftar við Dalalæk. Horft til norðausturs. Ljósmynd: Hólmfríður Sveinsdóttir	41
Mynd 27. Orthophoto of Kot, with excavated boundary. Ljósmynd: Hólmfríður Sveinsdóttir.	43
Mynd 28. Staðsetningarkortið sýnir afstöðu rannsóknarsvæðis við bæjarhól og tvo flóðgarða sem tengjast rannsóknarsvæðinu. Breytt loftmynd: Loftmyndir ehf / Stefán Ólafsson	44
Mynd 29. Rannsóknarsvæði fyrir uppgröft úr austri. Ljósmynd: Orri Vésteinsson.	45
Mynd 30. Séð yfir rannsóknarsvæðið, til austurs. Ljósmynd: Lilja Laufey Davíðsdóttir.....	47
Mynd 31. Viðbótarskurður. Horft til suðausturs yfir bæjarhól Arnórsstaða. Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir.	49
Mynd 32. Könnunarskurður austan við Galtastaði fram sem þegar hafði verið rofinn með klóaklögn. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.	50
Mynd 33. Könnunarskurður nr. 1 hjá Garðarstjörn, Seyðisfirði. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.....	52
Mynd 34. Seyðisfjörður. Yfirlitsmynd af bæjarhólnum. Ljósmynd: Hulda Björk Guðmundsdóttir.....	53
Mynd 35. Seyðisfjörður. Kumlateigur. Ljósmynd: Hulda Björk Guðmundsdóttir.....	54
Mynd 36. Skóflan er staðsett þar sem grunnur skurður var tekinn austan við íbúðarhúsið að Rangá 1. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.....	57
Mynd 37. Framkvæmdaefirlit að Hjaltastað, rás ljósleiðara handgrafin. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.	59
Mynd 38. Nútíma ruslahaugur yfir 1477 og 1362 gjósku að Arnórsstöðum, Jökuldal. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.	61
Mynd 39. NV prófíll hjá bæjarhólnum að Brekkugerði. Horft til SV. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.	63
Mynd 40. Yfirlit yfir yngri skálann. Sjá má eldri skála ganga út úr honum við báða gafla. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.	65
Mynd 41. Drónamynd af göngunum, skálanum og búrinu með útidyrum og dyrum inn í klefann t.v. og eldhúsið upp. Sjá má skilrúm eða vegg á milli skála og búrs. Hægra megin við dyrnar inn í eldhúsið má sjá lapstein. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.	66
Mynd 42. Horft yfir svæði 1 við lok uppgraftar 2021. Ljósmynd: Kristborg Þórsdóttir.	67
Mynd 43. Verk í vinnslu. Ljósmynd: Angelos Parigoris.....	69
Mynd 44. Rannsóknarsvæðið við lok uppgraftarinnar. Mynd tekin með dróna. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.....	71
Mynd 45. Skurður gegnum skjól fyrir fé. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.	73
Mynd 46. Rannsóknarsvæðið í Gröf, Hrunamannahreppi. Horft til norðurs. Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir	75
Mynd 47. Skurður a. Tekið í norður. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.	77
Mynd 48. Beitarhúsið sem könnunarskurðir voru gerðir í. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.	78

Mynd 49. Hið meinta kuml og prufuskurður. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.....	80
Mynd 50. Tóftirnar á Galtafelli. Ljósmynd: Lilja Laufey Davíðsdóttir.....	81
Mynd 51. Rústin nær fullrannsókuð. Úlfjótuvatn í baksýn (Horft mót SSA. 2021-68-53). Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.....	83
Mynd 52. Könnunarskurður 1, norðursnið. Ljósmynd: Hermann Jakob Hjartarson	85
Mynd 53. Séð yfir hluta af rannsóknarsvæðinu. Ljósmynd: Guðmundur Lúter Hafsteinsson.....	87
Mynd 54. Yfirlit yfir Kumlamýri. Ljósmynd: Hermann Jakob Hjartarson/Antikva ehf	89
Mynd 55. Hér er búið að fjarlægja helminginn af grjóthrúgu [001] og hluta af mannvistarlagi [002] sem grjóthrúgan var ofaná. Í báðum mannvistarlögunum voru gripir sem ætla má að séu frá seinni hluta 20. aldar og fyrri hluta 21. aldar. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.....	90
Mynd 56. Yfirlit yfir hluta rannsóknarsvæðisins. Könnunarskurður 9 í forgrunni. Ljósmynd: Hermann Jakob Hjartarson/Antikva ehf.	91
Mynd 57. Staðsetningarkort sem sýnir afstöðu fornleifa innan rannsóknarsvæðis. Breytt loftmynd: Loftmyndir ehf / Stefán Ólafsson	93
Mynd 58. Loftmynd tekin með flygildi af fiskibýrgjunum tveimur sem grafin voru í ágúst / Aerial photo of the two fish shelters that were excavated in August. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir	95
Mynd 59. Yfirlitskort af staðsetningu borkjarna og könnunarskurðar í Skálarétt, í landi Ísólfskála, Grindavík / Map showing locations of cores and test trench within the homefield of Ísólfskáli, Grindavík. Kortagerð: Ómar Valur Jónasson og Sólrún Inga Traustadóttir	97
Mynd 60. Skurður 1. Norðaustur prófill sem sýnir þykkt gjóskulag og náttúrulegur hraunhryggur við enda skurðarins. // Test trench 1, showing a thick layer of tephra in both south and west facing profiles. A natural lava ridge is located at the end of the trench. Ljósmynd: Ómar Valur Jónasson.....	99